# UMF Tindastóll

## Stofnað 1907

UNGMENNAFÉLAGIÐ
TINDASTÓLL

## Ársskýrla 2019

# Lög Ungmennafélagsins Tindastóls

## 1. grein. Heiti félagsins:

Félagið heitir Ungmennafélagið Tindastóll, skammstafað U.M.F.T. Heimili þess og varnarþing er á Sauðárkróki.

## 2. grein. Tilgangur félagsins:

Tilgangur félagsins er að standa fyrir iðkun íþrótta á Sauðárkróki meðal félagsmanna sinna og efla íþróttastarf á Sauðárkróki.

## 3. grein. Merki félagsins og búningur:

Merki félagsins er hvítt T í jafnarma þríhyrningi í bláum og rauðum grunni. Notkun merkisins er óheimil nema með skriflegu leyfi aðalstjórnar félagsins.

Yfirlit yfir skrifleg leyfi fyrir notkun á merki félagsins skal vera aðgengilegt á heimasíðu Tindastóls. Ef óheimil notkun á sér stað rennur ágóði sem hlýst af notkun og markaðssetningu merkis félagsins beint til aðalstjórnar Tindastóls.

Keppnisbúningur félagsins er vínrauður að lit. Varabúningar skulu vera í samræmi við félagsliti ef kostur er. Sé þess ekki kostur skal deild leita samþykkis Aðalstjórnar.

## 4. grein. Innganga og úrsögn:

Allir iðkendur stjórnarfólk og þjálfarar eru sjálfkrafa félagsmenn í U.M.F. Tindastól. Einnig geta allir orðið félagar, sem lagt hafa fram skriflega inntökubeiðni, með upplýsingum um fullt nafn, kennitölu og heimilisfang. Þegar þessi skilyrði hafa verið uppfyllt er umsækjandi fullgildur félagi. Jafnframt verða allir þeir sem opinberlega keppa undir merki félagsins sjálfkrafa félagar. Úrsögn úr félaginu skal tilkynna skriflega til aðalstjórnar. Aðalstjórn félagsins heldur skrá yfir alla meðlimi félagsins með aðstoð deilda, svo séð verði á hverjum tíma hverjir eru fullgildir félagar.

## 5. grein. Félagsgjöld:

Félagar skulu greiða árgjald til félagsins. Skal það ákveðið á aðalfundi ár hvert. Árgjald rennur til aðalstjórnar félagsins.

## 6. grein. Deildir:

Iðkendum hverrar íþróttagreinar er heimilt að mynda deildir innan félagsins. Hver íþróttadeild skal hafa sérstaka stjórn og aðskilin fjárhag. Skal hver deild sjá um sig sjálf fjárhagslega og hafa tekjur að ágóða móta og kappleikja í viðkomandi grein, svo og af öðrum fjáröflunum, sem hún tekur sér fyrir hendur í samráði við aðalstjórn. Stjórn hverrar deildar annast rekstur hennar.

Að öðru leyti lúta deildirnar sameiginlegri aðalstjórn félagsins, sem fer með æðsta vald í málum þess milli aðalfunda.

Ákvörðun um stofnun nýrrar deildar innan félagsins verður aðeins tekin á aðalfundi.

## 7. grein. Aðalstjórn:

Aðalstjórn félagsins skipa 5 menn; formaður, ritari, gjaldkeri, varaformaður og meðstjórnandi. Leitast skal við að a.m.k. einn stjórnarmaður fyrri stjórnar verði í nýrri stjórn sem kosin er á hverjum aðalfundi til eins árs í senn. Formaður skal kosinn sérstaklega, en að öðru leyti skiptir stjórnin sjálf með sér verkum. Formaður stjórnar fundum eða skipar aðra félagsmenn til þess. Ritari heldur gjörðabók félagsins og ritar fundargerðir. Gjaldkeri innheimtir tekjur og greiðir gjöld félagsins. Gjaldkeri heldur reikninga félagsins.

Reikningsár félagsins er almanaksárið 1. janúar til 31. desember.

## 8. grein. Aðalfundur:

Aðalfundur félagsins hefur æðsta vald í öllum málum þess og hefur einn vald til að breyta lögum þess. Aðalfundur félagsins skal haldinn á tímabilinu frá 15. febrúar til 15. apríl ár hvert. Aðalfundur skal boðaður með minnst 14 daga fyrirvara og er hann lögmætur, sé löglega til hans boðað.

Dagskrá aðalfundar skal vera eftirfarandi:

1. Formaður setur fundinn
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara
3. Skýrsla stjórnar
4. Reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar
5. Lagabreytingar
6. Ákvörðun árgjalda
7. Kosning formanns, fjögurra manna í stjórn, þriggja varamanna í stjórn og tveggja skoðunarmanna
8. Önnur mál

Aðalfundur úrskurðar um meint brot á félagslögum og ákvarðar viðurlög.

Einfaldur meirihluti greiddra atkvæða ræður úrslitum mála á aðalfundi að undanskyldum þeim málum sem fjallað er um í 16. og 17. grein.

Aukaaðalfund skal boða með sama hætti og reglulegan aðalfund. Reglur um aðalfund gilda, eftir því sem við á, um aukaaðalfund. Þó skulu lagabreytingar, stjórnarkjör og stofnun nýrra deilda, aðeins fara fram á reglulegum aðalfundi.

## 9. grein. Félagsfundir:

Félagsfund skal boða ef a.m.k. 20 félagsmenn krefjast þess eða þegar aðalstjórn ákveður.

## 10. grein. Heimild stjórnar:

Heimilt er stjórn að skipa í nefndir milli aðalfunda er þurfa þykir. Allir félagar í U.M.F.Í. hafa málfrelsi og tillögurétt á félagsfundum.

## 11. grein. Verkefni stjórnar:

Aðalstjórn skal vinna að því að efla félagið á allan hátt og gæta hagsmuna þess út á við. Hún skal einnig samræma starfsemi félagsins inn á við og hafa eftirlit með starfsemi deildanna. Hún hefur

umráðarétt yfir eignum félagsins og markar stefnu þess í öllum veigamiklum málum. Hún skal þó jafnan hafa samráð við stjórnir deildanna um mál er þær varðar sérstaklega.

## 12. grein. Stjórnir deilda:

Hver deild innan félagsins skal hafa sérstaka stjórn, sem skipuð er þremur mönnum hið fæsta. Skulu þeir kosnir á aðalfundum deildanna, en hver deild skal halda aðalfund árlega. Reglur um fundarboðun, lögmæti fundar og dagskrá, sem gilda um aðalfund félagsins, gilda einnig um aðalfundi deildanna, eftir því sem við á. Að loknum aðalfundi hverrar deildar og eigi síður en 15. febrúar ár hvert, skulu stjórnir deildanna skila aðalstjórn skýrslu sinni um starsemi viðkomandi deildar, ásamt endurskoðuðum og samþykktum reikningum deildarinnar.

Aðalstjórn skal taka helstu atriði úr skýrslum deildanna upp í skýrslu sína á aðalfundi félagsins.

Vanræki íþróttadeild að halda aðalfund á lögákveðnum tíma, skal aðalstjórn félagsins boða til fundarins og sjá um framkvæmd hans.

Einstakar deildir skili rekstraruppgjöri til aðalstjórnar á fjögurra mánaða fresti 30. apríl, 31. ágúst og 31. desember ár hvert.

## 13. grein. Formannafundir:

Eigi sjaldnar en þrisvar á ári skal aðalstjórn félagsins halda fundi með formönnum deildanna, þar sem þeir gera stjórninni grein fyrir starfsemi deildanna. Á fundum þessum skal einnig ákveða skiptingu styrkja og annarra tekna aðalsjóðs félagsins milli deildanna og samræma starfsemi þeirra. Komi upp ágreiningur milli einstakra deilda, sker aðalstjórn úr.

## 14. grein. Eignir félagsins:

Allar eignir félagsins, hvort sem þær eru í umsjá aðalstjórnar eða einstakra deilda, er sameign félagsins. Hætti íþróttadeild starfsemi, skal stjórn hennar afhenda aðalstjórn allar eignir hennar svo og fundargerðarbækur og hverskonar gögn, sem varða starsemi hennar. Verðlaunagripir og verðmæt skjöl skulu ávallt vera í vörslu aðalstjórnar.

## 15. grein. Skuldsetning félagsins:

Óheimilt er að skuldsetja félagið eða einstakar deildir þess nema með samþykki meirihluta aðalstjórnar. Stofni einstakar deildir fjárhagslega skuldbindingu án þessa samþykkis verða þær á ábyrgð þeirra sem til þeirra stofna og félaginu óviðkomandi.

Fjárhagsáætlun deilda skal skila inn til aðalstjórnar innan þriggja mánaða frá því að ný stjórn tekur við.

## 16. grein. Heiðursveitingar:

Heiðursfélagsmerki U.M.F. Tindastóls. Aðalfundur hefur heimild til að kjósa heiðursfélaga að tillögu stjórnar, en umræður um uppástungu að heiðursfélaga skulu ekki leyfðar. Við þá samþykkt þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða. Heiðursfélögum skal við hátíðlega athöfn afhent heiðursmerki U.M.F. Tindastóls úr gulli, sem er æðsta heiðursmerki ungmennafélagsins. Viðtakandi verður að hafa unnið mikið og samfellt starf fyrir U.M.F. Tindastól.

Starfsmerki U.M.F. Tindastóls má veita fyrir frábært átak eða afrek í félagstörfum, skipulagstörfum, framkvæmdastjórn eða á íþróttasviðinu. Til grundvalla þarf ekki að liggja langt samfellt starf.

Gestamerki U.M.F. Tindastóls má veita aðilum utan félagsins, sem í verki hafa sýnt því sérstakan sóma og velvild.

## 17. grein. Lagabreytingar:

Engu má breyta í lögum þessum nema á aðalfundi og þá með 2/3 hluta greiddra atkvæða. Tillögur Aðalstjórnar til lagabreytinga skulu tilkynntar með aðalfundarboðinu og skulu þær liggja frammi hjá Aðalstjórn félagsins eigi síðar en 7 dögum fyrir aðalfund félagsins. Tillögur félagsmanna um lagabreytingar skulu berast Aðalstjórn félagsins eigi síðar en 7 dögum fyrir aðalfund og skulu þær liggja frammi á skrifstofu félagsins til fundardags. Heimilt er þó að taka fyrir á aðalfundi tillögur til breytinga á lögum, sem síðar koma fram, ef 2/3 greiddra atkvæða samþykkja. Greini lög þessi á við sambandslög U.M.F.Í eru sambandslögin réttari meðan félagið er í U.M.F.Í.

## 18. grein. Gildistaka:

Lög þessi öðlast þegar gildi og falla jafnframt úr gildi öll eldri lög félagsins.

## 19. grein. Framkoma félagsmanna og áhorfenda

Allir félagsmenn og áhorfendur skulu sýna fyrirmyndar framkomu innan sem utan vallar. Komi það upp að félagsmaður eða áhorfandi viðhafi óviðeigandi orðbragð eða hegðun skal biðja viðkomandi að láta af sinni háttsemi ellegar mun skipuleggjandi og/eða starfsmaður viðburðar vísa viðkomandi af íþróttasvæðinu eða í tafarlaust bann.

## 20. grein. Ráðning starfsmanns, þjálfara eða leikmanns

Þegar kemur að ráðningu starfsmanns, þjálfara eða leikmanns skulu deildir fara eftir vinnureglum Ungmennasambands Skagafjarðar (UMSS).

**Samþykkt á aðalfundi 27. mars 2019.**

### Gildandi skuldbindingar

### Hlutfallsskipting tekna

- Knattspyrnudeild 35%
- Körfuknattleiksdeild 35%
- Frjálsíþróttadeild 14%
- Skíðadeild 7%
- Sunddeild 7%
- Aðalstjórn 2%

### Deildir

- 75% af styrkjum Kaupfélags Skagfirðinga (4.200.000 á ári) skulu fara í barna- og unglingastarf.

## Ungmennafélagið Tindastóll – Skýrsla 2019 lögð fram á aðalfundi 18.05.2020

Aðalfundur UMFT var haldinn 27.03.2019 og kosin óbreytt stjórn, Jón Kolbeinn Jónsson formaður, Dúfa Dröfn Ásbjörnsdóttir varaformaður, Jóhannes Björn Þorleifsson gjaldkeri, Sigurlína Magnúsdóttir ritari, Jón Hjörtur Stefánsson meðstjórnandi og í varastjórn Sigþrúður Jóna Harðardóttir, Einar Ingvi Ólafsson og Sigurður Helgi Sigurðsson.

Það er ljóst að rekstrarniðurstaða deilda Tindastóls hefur batnað frá fyrra ári og ber það að þakka góðu utanumhaldi sjálfboðaliða sem eru í störfum deildanna og traustum styrktaraðilum.

Barna- og unglingastarf á ávalt að vera í forgangi hjá deildum Tindastóls, fjárfestingar eða skuldbindingar eiga aldrei að verða til þess að þær komi niður á því mikilvæga starfi. Það er ánægjulegt að búið sé að stofna barna og unlingaráð knattspyrnudeildarinnar en ekki má gleyma því að ef meistaraflokkum gengur vel að þá nýtur barna og unglingastarfið beinan fjárhagslegan ávinning af því.

Íþróttastarf er ein af bestu forvörnunum og því þurfum við sem íþróttafélag að ná til sem flestra og virkja þá til iðkunar. Einnig þurfum við að vera duglegri að halda því á lofti hversu mikið íþróttastarf á sér stað hjá Tindastól.

Aðalstjórn vill þakka stuðning sem við höfum fengið í formi styrkja og framlaga frá Sveitarfélaginu Skagafirði og Kaupfélagi Skagfirðinga, sem hafa stutt við bakið á okkur undanfarin ár.

Fyrir hönd aðalstjórnar ungmennafélagsins Tindastóls
Jón Kolbeinn Jónsson, formaður

## Tilnefndir eru sem íþróttamaður Skagafjarðar 2019 eru í stafrófsröð:

Ísak Óli Traustaston frjálsar

María Finnbogadóttir skíði

Meistaraflokkur kvenna í knattspyrnu

Viðar Ágússon karfa

Frjálsíþróttadeild Tindastóls tilnefnir Ísak Óla Traustason til íþróttamanns Ungmennafélags Tindastóls 2019 Ísak Óli Traustason hlaut á árinu 2019 eftirfarandi titla Íslandsmeistaratitilar 2019 Íslandsmeistari í Sjöþraut karla - innanhúss Íslandsmeistari í 60 m grind karla - innanhúss Íslandsmeistari í langstökk karla - innanhúss Íslandsmeistari í 110 grind karla - utanhúss Bikarmeistaratiltlar 2019 60 m grind - innanhúss 110 m grind - utanhúss Annar árangur á árinu: 2. sæti á Meistaramóti Íslands í Fjölþraut - Tugþraut karla utanhúss 6. stigum frá 1. sæti. 2. sæti í 60 m hlaup karla á Meistaramóti Íslands innanhúss 2. sæti í stangarstökki karla á Meistaramóti Íslands utanhúss 2. sæti í langstökki karla á Meistaramóti Íslands utanhúss 3. sæti stangarstökk karla á Bikarmóti Íslands innanhúss Bætingar á árinu: Utanhúss: 100 m hlaupi 10,90 sek. frá 11,05 sek. Bæting um 0,15 sek. (tvær bætingar á árinu) 400 m hlaup 50,37 sek. frá 51,07 sek. Bæting um 0,70 sek. (þrjár bætingar á árinu) 110 grindarhlaup 14,92 sek. frá 15,10 sek. Bæting um 0,18 sek. (þrjár bætingar á árinu) (hljóp fjórum sinnum hraðar en það á árinu en í of miklum vindi eða +2,0) Hástökk 1,83 m frá 1,81 m. Bæting um 0,02 m. Stangastökk 4,20 m frá 4,00 m. Bæting um 0,20 m. (fjórar bætingar á árinu) Langstökk 7,14 m frá 7,09 m. Bæting um 0,05 m. Kúluvarp 12,57 m frá 11,92 m. Bæting um 0,65 m. (sex bætingar á árinu) Kringlukast 40,15 m frá 35,96 m. Bæting um 4,23 m. (fjórar bætingar á árinu) Tugþraut 7007 stig frá 6723 stig. Bæting um 284 stig. Innanhúss: 60 m hlaup 7,03 sek. frá 7,13 sek.. Bæting um 0,10 sek. (fjórar bætingar á árinu) 1000 m hlaup 2:45,31 sek. úr 2:49,66 sek. Bæting um 0:04,35 sek. (tvær bætingar á árinu) 60 m grind, jöfnun á PB frá því í fyrra 8,26 sek. Stangastökk 4,30 m úr 4,10 m. Bæting um 0,20 m. (fjórar bætingar á árinu) Kúluvarp 12,44 m úr 12,18 m. Bæting um 0,26 m. (tvær bætingar á árinu) Sjöþraut 5344 stig úr 5214 stig. Bæting um 130 stig. (tvær bætingar á árinu) Ísaki var boðið á Reykjavík International Games og keppti þar í langstökki. Hann er í landsliðshópi 2019 hjá Frjálsíþróttasambandi Íslands í spretthlaupum / grindahlaupum, langstökki, 4x100 m boðhlaupi og fjölþraut. Var valin langstökkvari karla á uppskeruhátíð

Frjálsíþróttasambands Íslands nóvember 2019. Ísak Óli fór í fjögur landsliðsverkefni á árinu; eitt á vegum Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands og þrjú á vegum Frjálsíþróttasambands Íslands. Games of the Small States of Europe, Bar Montenegro; 110m grind 2.sæti og langstökk 5.sæti. Nordic Junior Campionships in Combined Events, Uppsala, Svíþjóð; 110 m grind 3.sæti, 400 m hlaup 3. sæti, Langstökk 3. sæti, 100 m hlaup 4. sæti, Kringlukast 4. sæti og Stangarstökk 8. sæti European Combined Events Team Championship, Madeira, Portúgal. European Athletics Team Championships 3. league, Skopje, Makadóníu; 110 m grind 1. sæti og Langstökk 1.sæti Ísak Óli Traustason er góð fyrirmynd jafnt innan vallar sem utan. Hann hvetur jafnan aðra keppendur til dáða, hvort heldur þá sem hann er að keppa við eða keppa með. Hann hefur einnig verið að bæta sig í hverri greininni á fætur annarri á árinu sem er að líða.

**Tilnefning UMFT-Skíðadeildar til íþróttamanns Tindastóls árið 2019 – María Finnbogadóttir.**

Samantekt á keppnum og úrslitum vetrarins: María keppti á 37 FIS-mótum (FIS = Mótaröð alþjóðlegra móta i flokki fullorðinna eftir „standard"). Af 37 mótum stóð María niður 19 mót og af þessum 19 voru 12 mót þar sem hún endaði í topp 20. Í einungis 7 mótum var árangurinn fyrir neðan 20. sæti og í sumum þeirra móta var fyrri ferðin mjög góð en síðan datt hún eða keyrði út úr í seinni ferðinni þannig að hún kláraði ekki.

Hér kemur yfirlit yfir þau mót þar sem hún endaði í topp 10:

| **Dagsetning** | **Land** | **Grein** | **Sæti** | **FIS-punktar** (hvað mótin gáfu í punktum. Best er að hafa sem fæsta punkta) |
|---|---|---|---|---|
| 19-12-2018 Leogang | AUT | Svig | 7 | 60.89 |
| 13-01-2019 Turnau | AUT | Svig | 6 | 49.40 |
| 16-02-2019 Aare HM | SWE | Svig | 38 | 136.15 |
| 03-03-2019 Rogla | SLO | Svig | 9 | 50.81 |
| 21-03-2019 Hinterreit | AUT | Svig | 9 | 56.82 |
| 24-03-2019 Krvavec | SLO | Svig | 10 | 42.88 |
| 03-04-2019 Akureyri | ISL | Svig | 2 | 82.14 |
| 04-04-2019 Akureyri | ISL | Stórsvig | 3 | 81.48 |
| 04-04-2019 Akureyri | ISL | Stórsvig | 1 | 75.35 |
| 06-04-2019 Dalvík | ISL | Stórsvig | 6 | 81.69 |
| 07-04-2019 Dalvík | ISL | Svig | 1 | 56.33 |

**Íslandsmeistaramótið á Dalvík í apríl 2019**

Íslandsmeistaratitlar:

07-04-2019 Dalvík Svig Fullorðinsflokkur kvenna

07-04-2019 Dalvík Svig Aldursflokkur Maríu (17-18 ára)

**Alþjóðlegt FIS-mót** 07-04-2019 Dalvík Svig 1. sæti – kvennaflokkur

**Viðurkenningar**:

06-05-2019 í Tourismusschule Bad Hofgastein fyrir árangursríkan vetur á skíðum. Auk Maríu hlutu 5 aðrir nemendur úr bekknum viðurkenningu fyrir góðan árangur. Í bekknum voru 21 nemandi.

**HM-Aare:**

Var í hópi 8 skíðamanna og -kvenna sem valdir voru til að taka þátt á HM (fullorðinna) í Aare, Svíþjóð fyrir hönd Íslands.

Svig: 38.sæti

Stórsvig: 61. sæti eftir fyrri ferð og fékk því ekki að fara seinni ferðina. Einungis þeir með 30 bestu tímana eftir fyrri ferð fá að fara seinni ferðina.

Þess má geta að María er á samningi við Skíðaframleiðandann Atomic sem leggur henni til 8 pör af skíðum á ári. Þann samning fékk hún út á þann mikla dugnað, áræðni og eljusemi sem hún sýnir og einkennir hana. Hún ætlar sér stóra hluti í framtíðinni, markmiðin eru stór en skýr og alveg ljóst hvert hún stefnir.

Hún lauk námi frá Tourismusschule Bad Hofgastein í október síðastliðnum, er orðin Hotelkauffrau eftir fjögurra ára nám þar. Og getur nú eins og hún sjálf orðar það „bara stundað skíðin" þar sem ekkert truflar hana frá skíðunum. Hún er orðin atvinnuskíðakona og er í æfingahópi 8 jafnaldra ; austurrískra og hollenskra stúlkna og hafa þær 2 þjálfara sem sjá um alla þjálfun hvort sem eru skíðaæfingar, þrek í æfingasal, eða hlaup úti.

Allt sem María hefur uppnáð hingað til er árangur mikillar vinnu, skipulagningar, einbeitingar og dugnaðar og hún er frábær fyrirmynd fyrir annað ungt fólk. Að baki er áralöng hörð vinna langt frá fjölskyldu og vinum þar sem mikilvægt er að missa ekki sjónar á markmiðum sínum hvað sem á dynur, standa beinn í baki með báða fætur á jörðinni og horfa fram á veginn. Þannig eru manni allir vegir færir og þannig hefur Maríu tekist að vinna sig áfram að settu marki. Skrefin

eru oft lítil og stundum aftur á bak en margt smátt gerir eitt stórt og hún María Finnbogadóttir gefst aldrei upp því hún er sigurvegari!

F.h. Skíðadeildar Tindastóls,

Sigurður Bjarni Rafnsson, formaður.

# Tilnefningar kkd Tindastóls.

## Íþróttamaður ársins 2019:

Íþróttamaður ársins.

Sá íþróttamaður sem körfuknattleiksdeild Tindastóls tilnefnir sem leikmann ársins er Viðar Ágústsson, liðsmaður mikil og einn albesti varnarmaður landsins, leggur sig alltaf allan fram á vellinum og þó klassísk tölfræði geri hann ekki áberandi er hann vissulega einn af burðarásum liðins. Á síðasta ári var hann 6 yfir landið í +/- tölfræði með 7.96 stig í + sem er tölfræði sem mælir hvernig liði gengur með leikmann í spilatíma sem sagt Tindastóll var að meðaltali með 7.96 stig i plús með Viðar inni á vellinum í fyrra. Einnig var hann næstefstur Tindastóls manna í 3 stiga nýtingu á síðasta tímabili með 35,29% nýtingu. Svo má ekki gleyma því sem illa sést í klassískri tölfræði, hann er fyrirmyndar íþróttamaður, alltaf kurteis, æfir gríðarlega vel bæði sumar og vetur, berst einsog ljón á vellinum og fær iðuglega það erfiða verkefni að spila vörn á besta sóknarmanninn i hinu liðinu. Viðar er alltaf tilbúinn í öll verkefni sem til hans berast bæði utan vallar og innan, leysir úr þeim sér og félagi sínu til sóma.Varafyrirliðinn Viðar Ágústsson fær tilnefningu körfuknattleiksdeildar Tindastóls þetta árið.

Með bestu kveðju

F.h Stjórnar kkd Tindastóls

Ingólfur Jón Geirsson

Formaður.

## Starfsbikarinn

Jóhannes Björn Þorleifsson gjaldkeri veitti Birni Hansen starfsbikarinn fyrir það mikla starf sem hann hefur innt af hendi síðustu ár.

## Fyrri handhafar starfsbikarsins.

- 2018 - Gunnar Björn Rögnvaldsson
- 2017 - Halldór Halldórsson
- 2016 - Skúli Jónsson
- 2015 - Margeir Friðriksson
- 2014 - Kristjana Jónsdóttir
- 2013 - Kári Maríusson
- 2012 - Brynjar Birgisson
- 2011 - Gunnar Sigurðsson
- 2010 - Jóhann Sigmarsson
- 2009 - Rannveig Helgadóttir
- 2008 - Hrafnhildur S. Pétursdóttir

# Skýrsla stjórnar

Að áliti stjórnar UMF Tindastóls koma fram í ársreikningi þessum allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu aðalstjórnar UMF Tindastóls í lok árs 2019 og rekstri aðalstjórnar á árinu 2019.

Stjórn aðalstjórnar UMF Tindastóls staðfestir ársreikning þennan fyrir árin 2019 með áritun sinni hér fyrir neðan.

Sauðárkóki 13. maí 2020

Í stjórn:

Jón Kolbeinn Jónsson

*Jón Kolbeinn Jónsson, formaður*

*Dúfa Dröfn Ásbjörnsdóttir, varaformaður*

Jóhannes Björn Þorleifsson

*Jóhannes Björn Þorleifsson, gjaldkeri*

Sigurlína Erla Magnúsdóttir

*Sigurlína Erla Magnúsdóttir, ritari*

*Jón Hjörtur Stefánsson, meðstjórnandi*

# Áritun skoðunarmanna

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn ársreiknings Aðalstjórnar Ungmennafélagsins Tindastóls, höfum yfirfarið ársreikning félagsins fyrir árið 2019 og gerum engar athugasemdir. Ársreikningurinn samanstendur af rekstrarreikningi ársins 2019 og efnahagsreikningi 31. desember 2019. Við teljum að ársreikningurinn gefi rétta mynd af afkomu Aðalstjórnar Ungmennafélagsins Tindastóls árið 2019 og efnahag í árslok 2019.

Sauðárkóki 13. maí 2020

*Bertína Guðrún Rodriguez*

*Magnús Helgason*

# Rekstrarreikningur ársins 2019

| | Skýr. | 2019 | 2018 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur:** | | | |
| **Fjáraflanir** | | | |
| Lottó | | 1.738.536 | 147.375 |
| Lottó v 2018 | | 1.254.830 | |
| Félagsgjöld | | 566.400 | 420.500 |
| | | 3.559.766 | 567.875 |
| **Styrkir:** | | | |
| Svf. Skagafjörður, húsaleigustyrkur | 1 | 34.734.064 | 29.281.385 |
| Svf. Skagafjörður, styrkur til deilda | | 90.165 | 0 |
| Kaupfélag Skagfirðinga | | 4.200.000 | 4.200.000 |
| Annað | | 72.000 | 75.552 |
| | | 39.096.229 | 33.556.937 |
| **Aðrar tekjur:** | | | |
| Tekjur af bifreiðum | 6 | 2.025.692 | 2.167.298 |
| | | 2.025.692 | 2.167.298 |
| **Tekjur samtals:** | | **44.681.687** | **36.292.110** |
| **Rekstrargjöld:** | | | |
| Húsaleigustyrkur | 1 | 34.734.064 | 29.281.385 |
| Styrkir til deilda | 2 | 4.284.360 | 4.116.000 |
| Rekstur bifreiða | 6 | 1.468.190 | 2.132.196 |
| Heimasíða tindastoll.is | | 399.643 | 350.616 |
| Húsaleiga Víðigrund | | 337.554 | 328.102 |
| Iþróttamaður Tindastóls | | 0 | 6.950 |
| Iþróttamaður Skagafjarðar | | 0 | 30.100 |
| Prentun, ritföng, auglýsingar og sími | 3 | 32.798 | 108.621 |
| Þjónustugjöld banka | 4 | 96.359 | 89.832 |
| Fundakostnaður | 5 | 19.880 | 0 |
| Tryggingar | | 12.198 | 11.989 |
| Annar kostnaður | 7 | ( 23.862) | 120.000 |
| | | 41.361.184 | 36.575.791 |
| **Rekstrarniðurstaða** | | **3.320.503** | **( 283.681)** |
| Afskriftir fastafjármuna | 8 | 0 | 0 |
| **Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld** | | | |
| Vaxtatekjur | | 19.457 | 31.720 |
| Vaxtagjöld og verðbætur | | ( 4.279) | ( 5.243) |
| | | 15.178 | 26.477 |
| **Hagnaður (tap) ársins** | | **3.335.681** | **( 257.204)** |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2019

## Eignir

| | Skýr. | 31.12.2019 | 31.12.2018 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir:** | | | |
| 5% Eignarhluti í Bifröst (fasteignamat) | | 0 | 0 |
| Geymslukofi á íþróttavelli | 8 | 25.000 | 25.000 |
| Bifreið Mercedes Benz Sprinter 519 KA TTR07 | 8 | 1.232.578 | 1.232.578 |
| | | 1.257.578 | 1.257.578 |
| **Veltufjármunir:** | | | |
| Bankareikningar | | | |
| Arion banki, nr. 140 | | 4.703.655 | 1.049.677 |
| Arion banki, nr. 16366 | | 708.714 | 622.388 |
| Arion banki, nr. 1481 | | 25 | 25 |
| | | 5.412.394 | 1.672.090 |
| Viðskiptakröfur | | | |
| Ofgreitt til ÍR | | 6.250 | 6.250 |
| Krafa á deildir | 9 | 984.413 | 1.355.622 |
| | | 990.663 | 1.361.872 |
| **Veltufjármunir samtals** | | 6.403.057 | 3.033.962 |
| **Eignir samtals** | | 7.660.635 | 4.291.540 |

## Skuldir og eigið fé

| | Skýr. | 31.12.2019 | 31.12.2018 |
|---|---|---|---|
| **Skammtímaskuldir:** | | | |
| Ógreiddir reikningar | 11 | 33.414 | 0 |
| **Skammtímaskuldir samtals** | | 33.414 | 0 |
| **Eigið fé:** | | | |
| Flutt frá fyrra ári | | 4.291.540 | 4.548.744 |
| Hagnaður (tap) ársins | | 3.335.681 | ( 257.204) |
| **Eigið fé samtals** | | 7.627.221 | 4.291.540 |
| **Skuldir og eigið fé samtals** | | 7.660.635 | 4.291.540 |

# Skýringar

| | 2019 | 2018 |
|---|---|---|
| **1. Húsaleigustyrkur** | | |
| Íþróttahúsið á Sauðárkróki | 15.420.452 | 14.850.463 |
| Skíðasvæðið í Tindastóli | 3.957.000 | 3.841.257 |
| Íþróttavöllurinn á Sauðárkróki | 12.180.000 | 7.505.840 |
| Sundlaug Sauðárkróks | 2.394.000 | 2.324.580 |
| Íþróttahúsið í Varmahlíð | 782.612 | 759.245 |
| | **34.734.064** | **29.281.385** |
| **2. Styrkir til deilda** | | |
| Knattspyrnudeild | 1.470.000 | 1.470.000 |
| Körfuknattleiksdeild | 367.500 | 367.500 |
| Unglingaráð körfuknattleiksdeildar | 1.102.500 | 1.102.500 |
| Frjálsíþróttadeild | 588.000 | 588.000 |
| Skíðadeild | 294.000 | 294.000 |
| Sunddeild | 294.000 | 294.000 |
| Júdó aukastyrkur | 84.180 | |
| Bogfimi aukastyrkur | 84.180 | |
| | **4.284.360** | **4.116.000** |
| **3. Prentun, ritföng, auglýsingar og sími** | | |
| Sími | 10.858 | 49.368 |
| Auglýsingar | 20.671 | 16.512 |
| Prentun | 0 | 41.326 |
| Ritföng | 1.269 | 1.415 |
| | **32.798** | **108.621** |
| **4. Þjónustugjöld banka og dráttavextir** | | |
| Innheimtukröfur Arion | 88.100 | 85.377 |
| Seðil- og þjónustugjöld | 4.160 | 4.455 |
| Dráttavextir | 4.099 | |
| | **96.359** | **89.832** |
| **5. Stjórnunarkostnaður** | | |
| Formannafundur | 19.880 | 0 |
| | **19.880** | **0** |
| **6. Rekstur bifreiða** | | |
| **TTR07** | | |
| Tekjur | 2.025.692 | 2.167.298 |
| Kostnaður | 1.468.190 | 2.132.196 |
| | **557.502** | **35.102** |

# Skýringar

| | 2019 | 2018 |
|---|---|---|
| **7. Annar kostnaður** | | |
| Ferðakostnaður, Spölur endurgreiðsla | -46.540 | 0 |
| Námskeið | | 90.000 |
| Viðhald áhalda og tækja | 16.163 | 0 |
| Gjafir og styrkir | 6.515 | 0 |
| Málningarvinna Víðigrund | | 30.000 |
| | **-23.862** | **120.000** |

**8. Afskriftir fastafjármuna**

| | Bifreiðar | Bifreiðar |
|---|---|---|
| Stofnverð 1/1 | 12.325.784 | 12.325.784 |
| Afskrifað alls 1/1 | -11.093.206 | -11.093.206 |
| Afskrifað á árinu | 0 | 0 |
| Bókfært verð 31/12 | **1.232.578** | **1.232.578** |
| | | |
| Stofnverð alls 31/12 | 12.325.784 | 12.325.784 |
| Afskrifað alls 31/12 | -11.093.206 | -11.093.206 |
| Bókfært verð 31/12 | **1.232.578** | **1.232.578** |

| | Geymslukofi | Geymslukofi |
|---|---|---|
| Stofnverð 1/1 | 250.000 | 250.000 |
| Afskrifað alls 1/1 | -225.000 | -225.000 |
| Afskrifað á árinu | 0 | 0 |
| Bókfært verð 31/12 | **25.000** | **25.000** |
| | | |
| Stofnverð alls 31/12 | 250.000 | 250.000 |
| Afskrifað alls 31/12 | -225.000 | -225.000 |
| Bókfært verð 31/12 | **25.000** | **25.000** |

| | 2019 | 2018 |
|---|---|---|
| **9. Krafa á deildir** | | |
| Körfuknattleiksdeild | 447.869 | 532.932 |
| Knattspyrnudeild | 536.544 | 822.690 |
| | **984.413** | **1.355.622** |
| **11. Ógreiddir reikningar** | | |
| Stefna ehf | 17.251 | 0 |
| Tengill | 16.163 | 0 |
| | **33.414** | **0** |

# Skýrsla formanns Bogfimdeildar Tindastóls fyrir árið 2019.

10.03.2020

Árið 2019 var með svipuðu sniði og síðust ár.

Erfiðlega hefur gengið að halda krökkum inni og fá aðra með sérstaklega fullorðna, þrátt fyrir ákveðinn áhuga þeim megin.

Æfingar á Sauðárkróki hafa gengið sinn vana gang og svipaður hópur að mæta.

Í Varmahlíð þá fór ákveðinn hópur krakka að mæta 8-12 ára og hefur það haldist nokkuð þétt.

Fyrir áramótin þá var ekki rukkuð æfingargjöld í Varmahlíð svona aðeins til að sjá hvernig þetta myndi ganga

Fengum nokkuð af styrkjum á árinu 2019 bæði úr sjóðum, lotto ofl

Og var það nýtt til búnaðarkaupa sem hjálpar til að fólk geti byrjað aðeins án þess að fá sér búnað strax, og næst er í röðinni að redda okkur betri skotmörkum fyrir trissuboga.

Vonir með 2020 eru að Hofsós og fljótin komi sterk inn og þá er bogfimi komin á flest svæðin í Skagafirði nema kannski Hólar.

Þjálfarinn fór á 2 stig ísí og bíður hann eftir að komast á 2 stig sérmenntunar sem mun nýtast félginu og öllum í skagafirði.

Indriði R. Grétarsson

Formaður Bogfimideildar Tindastóls

Fundargerð aðalfundar bogfimideildar Tindastóls fyrir 2019.

Aðalfundur haldinn í Varmahlíð. 10.03.2020

Kl 20.00

Dagskrá.

1. Fundur settur.

2. Skýrsla formanns, farið yfir 2019 og aðeins yfir með stöðuna 2020

3. Farið yfir ársreikning . Rekstur deildarinnar gengur vel. Hagnaður af rekstri deildarinnar 14.622.- Ársreikningur samþykktur með öllum atkvæðum

4. Kosið í stjórn.

Flestir í núverandi stjórn buðu sig áfram fram en 1 bætist við og voru allir samþykktir samhljóða.

Formaður: Indriði R.Grétarsson

Meðstjórnendur.

Þórarinn Leifsson

Merle Storm

Karsten Rummelhoff

5 Önnur mál.

Farið yfir ýmist mál. Talað um vorslútt og viðurkenningar eftir veturinn.

Nýrri stjórn falið að sjá um það.

Fundi slitið kl 21.00

Indriði R. Grétarsson

Merle Storm

[illegible]

Þórarinn Leifsson

# Rekstrarreikningur 2019

| Tekjur: | 2019 | 2018 |
|---|---|---|
| Æfingargjöld | 99,576 | 51,000 |
| Styrkir | 402,000 | 18,000 |
| Leiga á mörkum | | |
| Unglingalndasmót þorláksh | | 31,068 |
| Vaxtatekjur | 162 | 60 |
| **Samtals** | **501,738** | **100,128** |

| Gjöld: | | |
|---|---|---|
| Greiddur styrkjur ísí 2 stg | 28,000 | |
| Keppnisgjald | | |
| Auglýsingar | 10,426 | |
| Fjolnet | 9,315 | 9,860 |
| Áhöld og rekstrarvörur | 439,340 | 75,820 |
| Kynning leiga | | 10,000 |
| | 459,081 | 95,680 |
| **Fjármunatekjur/gjöld** | | |
| Fjármagnstekjuskattur | 35 | 13 |
| **Samtals** | 35 | 13 |
| **Samtals gjöld** | **459,116** | **95,693** |
| **Hagnaður (-tap)** | **42,622** | **4,435** |

# Efnahagsreikningur 31.12.2019

| | 2019 | 2018 |
|---|---|---|
| **Eignir:** | | |
| **Veltufjármunir:** | | |
| Bankainnistæður | 127,589 | 112,967 |
| **Fastafjármunir:** | | |
| **Samtals** | **127,589** | **112,967** |
| **Skuldir:** | | |
| Yfirdráttur | | |
| **Samtals** | | 0 |
| **Eigið fé:** | | |
| Óráðstafað eigið fé fyrra árs | 84,967 | 108,532 |
| Hagnaður (-tap) | **42,622** | 4,435 |
| **Samtals** | 127,589 | 112,967 |
| **Samtals skuldir og eigið fé** | **127,589** | **112,967** |

**Áritun ársreikninga:**

Indriði R. Grétarsson
Gjaldkeri

Ég undirritaður skoðunarmaður ársreikninga Bogveiðifélag Íslands
hef yfirfarið reikninga félagsins og tel þá rétta og í samræmi við fyrirliggjandi bókhaldsgögn.

Skoðunarmaður

# Ársreikningur

# 1.1.2019-31.1.2020

# Frjálsíþróttadeild Tindastóls

# Rekstrarreikningur tímabilið 1.1.2019 - 31.1. 2020

| | 1.1.19-31.1.20 | 1.1.-31.12.2018 |
|---|---|---|
| **Tekjur:** | | |
| Æfingagjöld | 2.168.919 | 2.525.334 |
| Styrkur greiddur frá UMSS | 811.155 | 1.031.625 |
| Styrkur greiddur frá Umft | 588.000 | 588.000 |
| Fjáraflanir | 502.892 | 523.907 |
| Styrkur vegna tækjakaupa | 500.000 | 0 |
| Ferðastyrkur ÍSÍ | 233.180 | 0 |
| Vaxtatekjur | 8.782 | 10.386 |
| | 4.812.928 | 4.679.252 |
| **Gjöld:** | | |
| Kostnaður vegna þjálfunar | 4.021.299 | 4.008.829 |
| Móta- og ferðakostnaður | 267.940 | 104.277 |
| Auglýsingar | 60.159 | 50.833 |
| Bókhalds- og skrifstofukostnaður | 92.196 | 93.931 |
| Annar kostnaður | 0 | 62.363 |
| Vaxtagjöld | 8.351 | 15.241 |
| | 4.449.945 | 4.335.474 |
| **Hagnaður ársins** | 362.983 | 343.778 |

# Efnahagsreikningur 31. janúar 2020

## Eignir

| | 31.1.2019 | 31.12.2018 |
|---|---|---|
| **Fastafjármunir:** | | |
| Áhöld og tæki | 642.988 | 0 |
| **Veltufjármunir:** | | |
| Viðskiptakröfur | 171.626 | 336.668 |
| Handbært fé | 1.440.899 | 1.525.730 |
| | 1.612.525 | 1.862.398 |
| **Eignir samtals** | 2.255.513 | 1.862.398 |

## Eigið fé og skuldir

| | | |
|---|---|---|
| **Eigið fé:** | | |
| Eigið fé frá fyrra ári | 1.527.461 | 1.183.683 |
| Afkoma ársins | 362.983 | 343.778 |
| Eigið fé samtals | 1.890.444 | 1.527.461 |
| **Skuldir:** | | |
| Fyrirfram innheimtar tekjur | 110.000 | 0 |
| Ýmsar skammtímaskuldir | 255.069 | 334.937 |
| Skuldir samtals | 365.069 | 334.937 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | 2.255.513 | 1.862.398 |

Sauðárkróki 17. mars 2020

Kolbrún Þórðardóttir

Kolbrún Þórðardóttir, gjaldkeri

Ég undirritaður skoðunarmaður deildarinnar hef yfirfarið reikninginn og tel hann réttan.

Ágúst Guðmundsson

Ágúst Guðmundsson

# Efnahagsreikningur 31. janúar 2020

## Eignir

| | 31.1.2019 | 31.12.2018 |
|---|---|---|
| **Fastafjármunir:** | | |
| Áhöld og tæki | 642.988 | 0 |
| **Veltufjármunir:** | | |
| Viðskiptakröfur | 171.626 | 336.668 |
| Handbært fé | 1.440.899 | 1.525.730 |
| | 1.612.525 | 1.862.398 |
| **Eignir samtals** | 2.255.513 | 1.862.398 |

## Eigið fé og skuldir

| | | |
|---|---|---|
| **Eigið fé:** | | |
| Eigið fé frá fyrra ári | 1.527.461 | 1.183.683 |
| Afkoma ársins | 362.983 | 343.778 |
| Eigið fé samtals | 1.890.444 | 1.527.461 |
| **Skuldir:** | | |
| Fyrirfram innheimtar tekjur | 110.000 | 0 |
| Ymsar skammtímaskuldir | 255.069 | 334.937 |
| Skuldir samtals | 365.069 | 334.937 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | 2.255.513 | 1.862.398 |

Sauðárkróki _______. mars 2020

_______________________________

Kolbrún Þórðardóttir, gjaldkeri

Ég undirritaður skoðunarmaður deildarinnar hef yfirfarið reikninginn og tel hann réttan.

_______________________________

Ágúst Guðmundsson

# Frjálsíþróttadeild UMF Tindastóls

Ársskýrsla 2019

## Dagskrá aðalfundar

1. Formaður setur fundinn
2. Skýrsla stjórnar
3. Reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar
4. Kosning formanns, gjaldkera, ritara og meðstjórnanda
5. Önnur mál


Dagskrá aðalfundar 14
Stjórn Frjálsíþróttadeildar 15
Þjálfarar 2019-2020 15
Pistill formanns 16
Skýrsla stjórnar 18
Afrek iðkenda á árinu 20
Íslands og bikarmeistaratiltlar 2019 23
Önnur afrek iðkenda á stærstu mótunum ársins 2019 23
Ný skagfirsk héraðsmet sett árið 2019 24
Mót 2019 29
Myndir frá 2019 Error! Bookmark not defined.

## Stjórn Frjálsíþróttadeildar

**kosin á aðalfundi 7. mars 2019.**

Thelma Knútsdóttir, formaður.
Kolbrún Þórðardóttir, gjaldkeri.
Steinunn Jónsdóttir, ritari.

Umsjónarmaður heimasíðu er Ásbjörn Karlsson.
R.H. Endurskoðun ehf., sér um ársreikning deildarinnar.

## Þjálfarar 2019-2020

| | |
|---|---|
| Sigurður Arnar Björnsson | yfirþjálfari, þjálfun 15+ |
| Gestur Sigurjónsson | þjálfun 11-14 ára vor 2019 |
| Ísak Óli Traustason | þjálfun 11-14 ára sumar 2019 |
| Kristinn Freyr Briem Pálsson | þjálfun 11-14 ára haust 2019 |
| Andrea Maya Chirikadzi | þjálfun 6-10 ára haust 2019 |
| Daníel Þórarinsson | þjálfun 6-10 ára vor 2019 |
| Kolbrún Þórðardóttir | aðstoðarþjálfari 6-10 ára haust 2019 |
| Stefanía Hermansdóttir | aðstoðarþjálfari 6-10 ára vor 2019 |
| Thelma Knútsdóttir | aðstoðarþjálfari 6-10 ára haust 2019 |

** Myndir í skýrslu fengnar á Facebook síðum deildarinnar og iðkenda, Flickr síðu FRÍ og Fjálsíþróttadeildar Ármans.*

## Pistill formanns

Undirrituð var endurkjörinn formaður deildarinnar í mars 2019, engin stjórnarskipti voru í þetta skiptið.

Æfingartímar yngsta hópsins breyttust lítið sem ekkert frá fyrra tímabili. En þau yngstu eru á æfingum þriðjudaga kl. 13:15-14:00 (2 bil) og föstudaga kl. 13:15-14:00 (2 bil), um tuttugu+ krakkar eru í þessum hópi. Þjálfari þeirra er Andrea Maya Chirikadzi og með sér til aðstoðar formann og gjaldkera deildarinnar. Prufað var í sumar að vera með æfingar fyrir þennan hóp, en mjög fáir krakkar voru að mæta á þessar æfingar og þurfum við að skoða hvernig við getum bætt úr því næsta sumar.

Kristinn Freyr Briem Pálsson er þjálfari 11-14 ára krakkana og fækkaði aðeins í þeim hóp í haust, breyting var á tímatöflu, en æft er á miðvikudögum og föstudögum í vetur. Æfingatímar þeirra eru miðvikudaga kl. 17:50-19:30 (2-3 bil sem þau deila með elsta hópnum) og föstudaga kl. 17:00-18:30 (1 bil). Fáir krakkar voru skráðir á sumarnámskeið hjá okkur og höfum við áhyggjur af því.

Elsti hópurinn 15 ára og eldri eru á æfingum hjá Sigurði Arnari Björnssyni sem er búin að vera gera góða hluti með þessum hóp miðað við aðstöðu. En þessir krakkar fá eingöngu æfingu innanhúss í Íþróttahúsinu á Sauðárkróki (heimavöllur) á miðvikudögum kl. 17:50-19:30 og föstudögum kl. 17:00-18:30 sem þau deila með krökkum 11-14 ára yfir vetrartímann. Þau fá þó inni í íþróttahúsinu í Varmahlíð einu sinni í viku og þurfa iðkendur og þjálfari að koma sér sjálfir þangað. Er það til skammar að nokkrir af okkar bestu frjálsíþróttarmönnum Íslands bjóðist einungis tveir til þrír dagar á viku til æfinga á sínum keppnisgreinum innanhúss á veturnar. En ekki er hægt að æfa allar keppnisgreinar í íþróttahúsinu á Sauðárkróki t.d. er erfitt að æfa sprett og stökkgreinar innanhúss því keppt er á göddum og þarf æfingin því helst að fara fram á göddum til að ná sem lengst í sinni grein. Hægt er að æfa utanhúss yfir vetrartímann, en á illa upplýstum og hituðum velli. En ef frostið hefur verið mikið bræðir kerfið ekki klakann á tartaninu. Iðkendur deildarinnar býðst að vera í Reiðhöllinn með æfingar á mánudögum, en sú aðstaða er ekki boðleg til æfinga og því hafa krakkarnir notað Sauðárkróksvöll þegar veðrið býður upp á það og svo endað inn í þreksal íþróttahússins.

Af málefnum iðkenda ber helst að nefna að margir þeirra hafa sýnt gríðarlegar framfarir eins og sjá má í skýrslu stjórnar. Það er skemmst frá því að segja að einn af okkar fremstu frjálsíþróttamönnum Ísak Óli Traustason var kosinn íþróttamaður Skagafjarðar 2019 í annað sinn á þrem árum. Hann er vel að þessum titlum kominn og á án efa eftir að vera félaginu til sóma á komandi árum.

Þjálfarahópur deildarinnar hefur verið nokkuð stöðugur. En okkur hefur okkur tekist að halda uppi góðri og markvissri þjálfun sem hefur skilað okkur bæði Íslandsmeistaratitlum og héraðsmetum svo eitthvað sé nefnt. Það er mikilvægt að búa yfir góðum og metnaðarfullum þjálfurum. Sigurður Arnar var valinn þjálfari ársins í Skagafirði 2019, annað árið í röð. Sigurður Arnar á stóran þátt í hvað keppendur frá frjálsíþróttadeild Tindastóls hafa náð langt og sést það á fjölda titla og landsliðs verkefna sem þau og hann hafa verið að taka þátt í á síðustu árum. Ég vil þakka þjálfurum deildarinnar fyrir sín störf.

Framundan hjá frjálsíþróttadeildinni er að koma á æfingum fyrir yngsta hópinn í sumar og einnig að reyna það fjölga iðkendum í 11-14 ára hópnum. Í sumar verður MÍ 11-14 ára á Sauðárkróki og þarf að spíta í lófanna til fjölga iðkendum í þeim aldurshópi en gestgjafar mæta alltaf með stórann hóp á heimamót. En síðustu tvö ár hefur dregið úr mótaþátttöku þessa aldurshóps frá félögunum úr röðum UMSS.

Það verður ekki hjá því komist að minnast á hið óeigingjarna starf sjálfboðaliðans. Ég vil því nota tækifærið f.h. deildarinnar og þakka sjálfboðaliðum fyrir þeirra ómetanlega framlag.

Ég vil enda á því að óska frjálsíþróttafólkinu okkar góðs gengis í komandi verkefnum.

Með kærri kveðju,
Thelma Knútsdóttir
formaður



*f.v. Daníel Þórarinsson, Þóranna Ósk Sigurjónsdóttir, Sveinbjörn Óli Svavarsson, Jóhann Björn Sigurbjörnsson, Sigurður Arnar Björnsson*

*(þjálfari), Kristinn Freyr Briem Pálsson og Ísak Óli Traustason. Nokkrir af keppendum UMF Tindastóls á 92. Meistaramóti Íslands aðalhluta sem haldið var á Sauðárkróksvelli 14.-15. júlí 2018.*

## Skýrsla stjórnar



Það urðu engar breytingar á sitjandi stjórn Frjálsíþróttadeildar Tindastóls á árinu 2019. Stjórnina skipa því eins og áður Thelma Knútsdóttir formaður, Kolbrún Þórðardóttir gjaldkeri og Steinunn Jónsdóttir ritari. Á síðast aðalfundi var ákveðið að fjárhagsárinu yrði breytt frá því að vera frá, 1. janúar til 31. desember, til þess að vera frá 1. febrúar til 31. janúar. Breytingarnar taka gildi frá og með 1. febrúar 2020. Ársreikningurinn er því 13 mánuðir að þessu sinni en verða 12 mánuðir næst. Nokkrir stjórnarfundir voru haldnir á árinu.

Sótt var um styrki á ýmsum stöðum. Sótt var um m.a. ferðastyrk, styrk til tækjakaupa og þjálfaranámskeiðs, sem allir fengust. Einnig fengust nokkrir styrkir innanhéraðs til styrkingar á starfsemi deildarinnar. Deildin réðst í að kaupa stangarstökksstangir þar sem engar nothæfar voru til. Sveitarfélagið kom svo til móts við deildina með að kaupa það

sem uppá vantaði til að hægt væri að stunda stangastökk á frjálsíþróttavellinum. Einnig er ætlunin að kaupa nokkuð af áhöldum til innanhússiðkunar s.s. kúlur og skutlur þar sem hvorutveggja hefur týnt tölunni á undanförnum árum.

Engin stór frjálsíþróttamót voru haldin á Sauðárkróksvelli þetta árið, en til stendur að halda MÍ 11 - 14 ára á Sauðárkróki núna í sumar.

Deildin bauð iðkendum og foreldrum til smá uppákomu í lok sumars þar sem brugðið var á leik og að því loknu fengu viðstaddir sér veitingar í boði deildarinnar.

Þrír iðkendur Frjálsíþróttadeildar Tindastóls voru valdir í landsliðshóp FRÍ árið 2019 en það voru þau Ísak Óli Traustason í grindahlaupi, langstökki og fjölþraut, Jóhann Björn Sigurbjörnsson í spretthlaupum og Þóranna Ósk Sigurjónsdóttir í hástökki. Einnig áttum við einn iðkenda í úrvalshópi FRÍ, Andreu Maya Chirikadzi í kúluvarpi. Auk þess að eiga iðkendur í frjálsíþróttalandsliðinu tók Arnar, þjálfari elsta aldursflokks deildarinna þátt í nokkrum landsliðsverkefnum.

Iðkendur deildarinn tóku einnig þátt í fjölmörgum mótum innanlands. Óhætt er að segja að þeir hafi náðu góðum árangri hver á sínu sviði og fjölmargar og góðar bætingar urðu á árinu. Einnig unnu þeir fjóra Íslandsmeistaratitla og þrjá bikarmeistaratiltla.

Íþróttamaður Skagafjarðar sem er haldin á vegum Sveitarfélags Skagafjarðar og Ungmennasambands Skagafjarðar (UMSS) var haldin í lok desember þar sem fulltrúar deildarinnar fengu viðurkenningar. Stjórn deildarinnar er afar stolt af því að eiga bæði, íþróttamann Skagafjarðar og þjálfara ársins. Báðir eru þeir vel að titlum sínum komnir. Frjálsíþróttaráð UMSS veitti einnig sínar viðurkenningar þar og hlaut Ísak Óli Traustason titilinn Frjálsíþróttamaður Skagafjarðar 2019.

Árið 2020 fer vel af stað og Íslandsmeistaratitlar þegar komnir í hús.

*Stjórn Frjálsíþróttadeildar Tindastóls*



*Bikarmót FRÍ sumar 2019*

*Meistaramót Íslands aðalhluti, sumar 2019*





*Bikarmót FRÍ sumar 2019*

## Afrek iðkenda á árinu

Eins og fram kom var farið á fjölmörg mót á árinu, bæði innanlands og utan. Keppnisár deildarinnar hófst í janúar á Stórmóti ÍR og lauk á Jólamóti UMSS. Ekki verður farið ýtarlega í öll mót.

Stórmót ÍR var haldið í janúar og sigraði Aníta Ýr Atladóttir kúluvarp 16-17 ára á nýju héraðsmeti kastaði 12,58 m, Jóhann Björn Sigurbjörnsson setti PB í 60 m spretthlaupi auk þess að setja mótsmet í greininni, Ísak Óli bætti sig í tveim greinum (60 m spretthlaupi og kúluvarpi) og Stefanía Hermannsdóttir bætti PB í einni grein. Meistaramót Íslands 15-22 ára var haldið í lok janúar, Stefanía bætti sitt PB í 60 m spretthlaupi, Rúnar Ingi Stefánsson bætti sig PB í kúluvarpi og Sveinbjörn Óli Svavarsson bætti sig PB í 60 m spretthlaupi.




*Meistaramót Íslands í Tugþraut 2019, Ísak Óli Traustason sigraði 100 m spretthlaup.*

Á Reykjavík International Games í byrjun febrúar kepptu þeir þar Ísak Óli og Sveinbjörn Óli. Í febrúar var keppt í MÍ í fjölþraut, lenti Ísak Óli þar í 2. sæti en bætti sitt PB í þremur greinum af sjö auk þess að jafna sitt best í einni grein og þ.a.l. stigaskorið sitt í þraut innanhúss. Næsta mót var MÍ aðalhluti þar tóku sex keppendur þátt. Aníta Ýr bætti sitt PB í 4.kg. kúluvarpi, Ísak bætti sig í 60 m spretthlaupi og varð Íslandsmeistari í langstökki og 60 m grind og Rúnar Ingi jafnaði sinn PB árangur í kúluvarpi.

Bikarkeppni FRÍ innanhúss fór fram í mars, þar tóku þátt 7 keppendur frá UMSS (allir frá Tindastól). Ísak Óli setti mótsmet í 60 m grind og PB í stangarstökki og Rúnar Ingi bætti PB sig í kúluvarpi.

Í lok maí héldu landsliðsmennirnir okkar tveir til Svartfjallalands til að taka þátt í Smáþjóðaleikunum, Ísak Óli bætti sitt PB í 110 m grind. Næst hélt Ísak Óli til Svíþjóðar þar sem hann tók þátt í Tugþrautamóti, þar tókst að bæta sitt PB í fimm greinum. Meistaramót 15-22 ára utanhúss var haldið á Selfoss um miðjan júní, þar kepptu fimm iðkendur frá deildinni, Andrea Maya Chirikadzi varð í 2. sæti í kúluvarpi PB, og bætti sitt PB í spjót- og sleggjukasti, Stefanía varð í 2. sæti i spjótkasti og bætti sitt PB í kringlukasti, Ragna Vigdís

Vésteinsdóttir lenti í 3. sæti í kúluvarpi og spjótkasti í sínum aldurshóp, Rúnar Ingi bætti sitt PB í kúluvarpi og lenti í 2. sæti og Sveinbjörn Óli lenti í 3. sæti í 200 m hlaupi.

Þá var farin hin árlega keppnisferð á Lauga í Þingeyjasýslu, á Sumarleika HSÞ. Þangað mættu 8 keppendur frá UMSS, Andrea Maya bætti sitt PB í spjót- og sleggjukasti, Isabelle Lydia Chirikadzi bætti sitt PB í hástökki og kúluvarpi, Rúnar Ingi bætti sitt PB í kringlukasti og Guðmundur Smári Guðmundsson frá Smára Varmahlíð bætti sitt PB í langstökki.

MÍ aðalhluti fór fram á Laugardalsvelli helgina þar á eftir, þar sem 8 keppendur mættu frá deildinni, Andrea Maya bætti sitt PB í 4.kg. kúlu, Stefanía bætti sitt besta í 600 gr. spjóti og setti um leið nýtt héraðsmet í sínum aldursflokki, Ísak Óli varð Íslandsmeistari í 110 m grindarhlaupi og lenti í 2. sæti í lang- og stangarstökki með PB og Jóhann Björn lenti í 3. sæti í 200 m hlaupi. Bikarkeppni FRÍ var haldið síðustu helgina í júlí, keppti deildin þar með sameiginlegu liði UMSS/KFA (Kraftlyftingafélag Akureyrar), mætt var bæði með karla- og kvennalið. Ragna Vigdís bætti sitt PB í kúluvarpi, Ísak Óli varð bikarmeistari í 110 m grind á nýju PB og jafnaði sitt PB í hástökki, Jóhann Björn varð bikarmeistari í 100 m spretthlaupi á sínum besta tímanum sínum á árinu, lenti sameiginlegt lið UMSS/KFA í 4. sæti af átta liðum.




*Tríóið í Makadóníu 2019, Ísak Óli Traustason, Jóhann Björn Sigurbjörnsson og Sigurður Arnar Björnsson*

Í ágúst fór tríóið Ísak Óli, Jóhann Björn og Sigurður Arnar Björnsson þjálfari á Evrópumót landsliða í Makedóníu þar sem lið Íslands vann 3. deildina og færði sig um leið upp í 2. deild. Ísak Óli vann keppinauta sína í 110 m grindarhlaupi og langstökki og Jóhann Björn sigraði 100 m spretthlaupið. Næst var farið norður á Akureyri, Andrea Maya bætti sitt PB í kúluvarpi, Stefanía bætti sitt PB í kúluvarpi og kringlukasti

og Isabelle bætti sitt PB í kúluvarpi. Sömu helgi var Meistaramót Íslands í fjölþraut haldið á Akureyri. Þar bætti Ísak Óli sitt PB í þremur greinum og auk þess að bæta heildar stigaskorið sitt, en hann var einungis fimm stigum frá Íslandsmeistaratitlinum.

Á haustdögum er lítið um mót, í desember er þó vert að minnast á tvö mót, Aðventumót Ármanns þar sem Ísak Óli bætti sig í kúluvarp og Jólamót UMSS sem haldið var helgina fyrir jól, 14 keppendur tóku þátt og tókst þeim að bæta sitt PB 26 sinnum. Á mótinu er keppt í kúluvarpi, há-, lang- og þrístökki án atrennu og svo hástökk með atrennu.



*Bikarkeppni FRÍ 2020, sameiginlegt lið UMSS/KFA*

## Íslands og bikarmeistaratiltlar 2019

**Ísak Óli Traustason**

**Íslandsmeistari 2019**

60 m grindahlaupi innanhúss.
110 m grindahlaupi utanhúss.
Langstökk innahúss.
Sjöþraut innanhúss.

**Bikarmeistari 2019**

60 m grindahlaupi innanhúss.
110 m grindahlaupi utanhúss.

**Jóhann Björn Sigurbjörnsson**

**Bikarmeistari 2019**

100 m hlaupi utanhúss

## Önnur afrek iðkenda á stærstu mótunum ársins 2019

**Andrea Maya Chirikadzi**

2. sæti í kúluvarpi Meistaramóti Íslands 15 - 22 utanhúss.
3. sæti í kringlukasti á Meistaramóti Íslands 15 - 22 utanhúss.

**Aníta Ýra Atladóttir**

1. sæti í kúluvarpi á Stórmóti ÍR innanhúss.

**Jóhann Björn Sigurbjörnsson**

1.sæti 100 m hlaupi á European Athletics Team Championships 3.League.
1. sæti í 60 m hlaupi Stórmóti ÍR innanhúss.
1 sæti í 200 m hlaupi á Stórmóti ÍR innanhúss.
4. sæti í 60 m hlaupi á Reykjavík International Games.

**Ísak Óli Traustason**

1. sæti í stangastökki á Stórmóti ÍR
1. sæti í 60 m grind á Stórmóti ÍR
1. sæti á langstökki á European Athletics Team Championships 3.League.
2.sæti í stangastökki á Meistaramóti Íslands utanhúss.
2. sæti í 60 m á Meistaramóti Íslands innanhúss.
2. sæti í langstökk á Stórmóti ÍR innanhúss.
2. sæti í tugþraut á Meistaramóti Íslands utanhúss
3. sæti í stangastökki á Bikarkeppni FRÍ innanhúss

**Magnea Ósk Indriðadóttir**

3. sæti í 60 m hlaupi Unglingalandsmóti UMFÍ

**Ragna Vigdís Vésteinsdóttir**

3. sæti í kúluvarpi á Meistaramóti Íslands 15 - 22 utanhúss.
3. sæti í spjótkasti á Meistaramóti Íslands 15 - 22 utanhúss.

**Rúnar Ingi Stefánsson**

2. sæti kúluvarp Meistaramóti Íslands 15 - 22 utanhúss.
3. sæti kúluvarp Meistaramóti Íslands 15 - 22 innanhúss.

**Stefanía Hermannsdóttir**

2. sæti kringlukast Meistaramóti Íslands 15 - 22 utanhúss.

**Sveinbjörn Óli Svavarsson**

2. sæti 60 m hlaup Meistaramót Íslands 15 - 22 innanhúss.
3. sæti 200 m hlaup Meistaramót Íslands 15 - 22 utanhúss.

## Ný Skagfirsk héraðsmet sett árið 2019

Utanhúss

35,38 m í spjótkasti með 500 g spjóti 16-17 ára **Stefanía Hermannsdóttir**
31,89 m í spjótkasti með 600 g spjóti **Stefanía Hermannsdóttir**

Innanhúss

12,58 m í kúluvarpi með 3 kg kúlu **Aníta Ýr Atladóttir**

## Frjálsíþróttadeild Tindastóls tilnefndi Ísak Óla Traustason til íþróttamanns Skagafjarðar 2019




Ísak Óla Traustason hlaut á árinu 2019 hlotið eftirfarandi titla

**Íslandsmeistaratitilar 2019**

- Íslandsmeistari í Sjöþraut karla - innanhúss
- Íslandsmeistari í 60 m grind karla - innanhúss
- Íslandsmeistari í langstökk karla - innanhúss
- Íslandsmeistari í 110 grind karla - utanhúss

**Bikarmeistaratiltlar 2019**

- 60 m grind - innanhúss
- 110 m grind - utanhúss

**Annar árangur á árinu:**

- 2. sæti á Meistaramóti Íslands í Fjölþraut - Tugþraut karla utanhúss 6. stigum frá 1. sæti.
- 2. sæti í 60 m hlaup karla á Meistaramóti Íslands innanhúss
- 2. sæti í stangarstökki karla á Meistaramóti Íslands utanhúss
- 2. sæti í langstökki karla á Meistaramóti Íslands utanhúss
- 3. sæti stangarstökk karla á Bikarmóti Íslands innanhúss

**Bætingar á árinu:**

***Utanhúss:***

100 m hlaupi 10,90 sek. frá 11,05 sek. Bæting um 0,15 sek. *(tvær bætingar á árinu)*
400 m hlaup 50,37 sek. frá 51,07 sek. Bæting um 0,70 sek. *(þrjár bætingar á árinu)*
110 grindarhlaup 14,92 sek. frá 15,10 sek. Bæting um 0,18 sek. *(þrjár bætingar á árinu)*
(hljóp fjórum sinnum hraðar en það á árinu en í of miklum vindi eða +2,0)
Hástökk 1,83 m frá 1,81 m. Bæting um 0,02 m.
Stangastökk 4,20 m frá 4,00 m. Bæting um 0,20 m. *(fjórar bætingar á árinu)*
Langstökk 7,14 m frá 7,09 m. Bæting um 0,05 m.
Kúluvarp 12,57 m frá 11,92 m. Bæting um 0,65 m. *(sex bætingar á árinu)*
Kringlukast 40,15 m frá 35,96 m. Bæting um 4,23 m. *(fjórar bætingar á árinu)*
Tugþraut 7007 stig frá 6723 stig. Bæting um 284 stig.

***Innanhúss:***

60 m hlaup 7,03 sek. frá 7,13 sek.. Bæting um 0,10 sek. *(fjórar bætingar á árinu)*
1000 m hlaup 2:45,31 sek. úr 2:49,66 sek. Bæting um 0:04,35 sek. *(tvær bætingar á árinu)*
60 m grind, jöfnun á PB frá því í fyrra 8,26 sek.
Stangastökk 4,30 m úr 4,10 m. Bæting um 0,20 m. *(fjórar bætingar á árinu)*
Kúluvarp 12,44 m úr 12,18 m. Bæting um 0,26 m. *(tvær bætingar á árinu)*
Sjöþraut 5344 stig úr 5214 stig. Bæting um 130 stig. *(tvær bætingar á árinu)*

Ísaki Óla var boðið á Reykjavík International Games og þar sem hann keppti í langstökki. Hann var í landsliðshópi 2019 hjá Frjálsíþróttasambandi Íslands í spretthlaupum / grindahlaupum, langstökki, 4x100 m boðhlaupi og fjölþraut. Var valin langstökkvari karla á uppskeruhátíð Frjálsíþróttasambands Íslands nóvember 2019.

**Ísak Óli fór í fjögur landsliðsverkefni á árinu; eitt á vegum Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands og þrjú á vegum Frjálsíþróttasambands Íslands.**

Games of the Small States of Europe, Bar Montenegro;
110m grind 2.sæti og langstökk 5.sæti.
Nordic Junior Campionships in Combined Events, Uppsala, Svíþjóð;
110 m grind 3.sæti, 400 m hlaup 3. sæti, Langstökk 3. sæti, 100 m hlaup 4. sæti, Kringlukast 4. sæti og Stangarstökk 8. sæti
European Combined Events Team Championship, Madeira, Portúgal.
European Athletics Team Championships 3. league, Skopje, Makadóníu;
110 m grind 1. sæti og Langstökk 1.sæti

Ísak Óli Traustason er góð fyrirmynd jafnt innan vallar sem utan. Hann hvetur jafnan aðra keppendur til dáða, hvort heldur þá sem hann er að keppa við eða keppa með. Hann hefur einnig verið að bæta sig í hverri greininni á fætur annarri á árinu sem er að líða.

**Ísak Óli var kosinn íþróttamaður Skagafjarðar árið 2019**




*Íslandsmeistari í sjöþaut innanhúss 2019.*

## Frjálsíþróttadeildin tilnefndi Sigurð „Arnar" Björnsson til þjálfara ársins 2019



Arnar þjálfar 14 ára og eldri frjálsíþrótta iðkenndur hjá Frjálsíþróttadeild UMF Tindastól auk þess er hann verkefnastjóri A-Landsliðs Frjálsíþróttasambands Íslands og ferðast með landsliði Íslands í frjálsum á fjölmörg mót á árinu sem er að líða. Má þar m.a. nefna Evrópukeppni landsliða sem haldin var í Makedoníu í sumar þar sem Íslendingar unnu til gullverðlauna og komust um leið upp í 2.deild. Hann fór á Smáþjóðaleikanna sem haldnir voru Svartfjallalandi og Evrópu fjölþrautarmótið sem haldið var á eyjunni Madeira í Portúgal.

Þó Arnar hafði verið í burtu frá öðrum iðkendum, en með honum í þessum ferðum var t.d. iðkendurnir hans Ísak Óli Traustason og Jóhann Björn Sigurbjörnsson. Þá héldu krakkarnir hér heima sínu striki en hann setti þeim fyrir og gátu þau leitað til hans þegar þess þurfti með sín æfingarplön þegar þannig stóð í veðri. Einnig er vert að minnast á að undanfarin misseri hafa iðkendur frá meistaraflokki karla í körfuknattleik og knattspyrnu leitað til hans til að styrkja sig fyrir komandi tímabil.

Arnar fylgir þeim sem hann þjálfar vel eftir á mótum, sem og á æfingum, honum er annt um velferð þeirra jafnt utan vallar sem innan. Hann hefur gætt þess að sækja sér endurmenntun í sínu fagi og viðhalda þannig færni sinni og þekkingu. Hann hefur náð góðum árangri með iðkendur sína og eru nokkrir þeirra meðal þeirra fremstu á landinu, í sínum greinum.

Árið 2019 hafa frjálsíþróttaiðkenndur hjá UMF Tindastól hlotið eftirfarandi viðurkenningar, listinn er ekki tæmandi. En Arnar hefur farið með þeim á um 15 mót á árinu sem er að líða.

__Janúar__

**Stórmót ÍR**

8 keppendur (3 gull, 1 silfur og 2 brons).

**Íslandsmeistaramót 15-22 ára innahúss**

6 keppendur (1 silfur og 2 brons)

__Febrúar__

**Reykjavíkur International Games**

Tveir keppendur frá UMSS boðnir á leikanna (1 silfur)

**Íslandsmeistaramót í fjölþraut innanhúss**

**Íslandsmeistari karla í sjöþraut**

**Meistaramót Íslands**

6 keppendur (2 gull og 1 silfur)

__Mars__

**Bikarkeppni FRÍ innanhúss**

7 keppendur (1 gull og 1 brons)

__Júní__

**Championships of the Small States of Europe**

Landsliðsþjálfari í ferð Frjálsíþróttasambands Íslands.

**Meistaramót 15-22 ára**

5 keppendur (3 sifur og 4 brons)

__Júlí__

**Meistaramót Íslands**

8 keppendur (1 gull og 2 silfur og 1 brons)

**Bikarmót FRÍ**

8 keppendur (2 gull og 2 brons)

**Ágúst**

**Meistaramót í fjölþraut**

Einn keppandi (1 silfur)

**Evrópubikarkeppni landsliða í Makedoníu**

Lið Íslands fékk gullverðlaun og færðist upp um deild og keppa því næst í 2. deild.

**Sigurður Arnar var kosinn þjálfari Skagafjarðar árið 2019, annað árið í röð.**




*Smáþjóðaleikarnir 2019, Svartfjallaland*

## Mót 2019

***Mót innanlands***

***Janúar***

19. - 20. Stórmót ÍR, 8 keppendur.

25. - 26. Meistaramót 15 - 22 ára, 6 keppendur.

***Febrúar***

3. Reykjavík International Games, 3. keppendur.

23. - 24. Meistaramót Íslands aðalhluti, 4 keppendur.

***Mars***

3. 13. Bikarkeppni FRÍ, 7 keppendur.

9. 3 LENOVO mótið, 1 keppandi.

***Apríl***

13. 4 LENOVO mótið, 1 keppandi.

***Maí***

26. Sérgreinamót UFA, 2 keppendur.

***Júní***

6. Kastmót Smára, 3 keppendur.

11. Sumarmót UMSS, 6 keppendur.

15. - 16. Meistaramót 15 - 22, 5 keppendur.

***Júlí***

2. Laugamót KFA, 2 keppendur.

6. Sumarleikar HSÞ, 6 keppendur.

13. - 14. Meistaramót Íslands, 8 keppendur.

21. Raðmót KFA, 11 keppendur.

23. Sumarmót UMSS, 7 keppendur.

27. Bikarkeppni FRÍ, 8 keppendur

***Ágúst***

2. - 4.. Unglingalandsmót UMFÍ á Höfn í Hornafirði, 3 keppendur.

17. Meistaramót í fjölþrautum, 1 keppandi.

17. Akureyrarmóti UFA, 4 keppendur.

28. Kastbætingamót UMSS, 4 keppendur.

***Desember***

14. Aðventumót Fjölnis, 2 keppendur.

21. Jólamót UMSS, 7 keppendur.

**Mót erlendis og landsliðsverkefni**

**Apríl**

24. Torrin Lawrence Memorial í USA, 4 keppendur.

**Maí**

29. Games of the Small States of Europe, 2 keppendur

***Júní***

8. Nordic Junior Championships in Combined Events, 1 keppandi

**Júlí**

6. European Combined Events Team ChShips, 1 keppandi.

***Ágúst***

10. European Athletics Team Championships 3.League, 2 keppendur.

*Frá Stórmóti ÍR.*

*Fv. Guðný Rúna, Stefanía, Andrea Maya og Aníta Ýr*



# Annáll ársins 2019 Júdódeild Tindastóls

Þetta er sjötta árið sem Júdódeild Tindastóls er starfrækt eftir að starfsemi hennar var endurvakin haustið 2014, en fram að því hafði ekki verið boðið upp á júdó á Sauðárkróki í yfir áratug. En Júdódeildin var formlega samþykkt á ný sem deild innan Ungmennafélags Tindastóls á aðalfundi þann 2. Mars 2016. Fyrstu tvö árin fóru æfingar fram í íþróttasal gamla barnaskólans milli Freyju- götu og Sæmundargötu en eftir að sveitar- félagið seldi það húsnæði árið 2016 fluttist æfingaaðstaðan í íþróttahúsið á Sauðárkróki. Síðustu fimm ár hefur Júdódeildin einnig verið með vikulegar æfingar á Hofsós í samstarfi við Ungmennafélagið Neista.

Vorönn hófst 7. janúar og lauk með uppskeruhátíð sem haldin var 22. maí. Um sumarið var boðið upp á æfingar á miðvikudögum klukkan 17:00-18:40 í íþróttahúsinu þar sem allir voru velkomnir. Þessar æfingar voru ekki mjög vel sóttar en þó mætti alltaf einhver. Sumar æfingum lauk í lok ágúst. Eftir viðburðarríkt sumar hófst haustönn þann 24. september og lauk með Jólamóti Tindastóls 18. desember.

Hér fyrir neðan verður nú betur gert grein fyrir starfsemi Júdódeildarinnar á árinu 2019.



Þátttakendur á Jólamóti Tindastóls. Mynd: Katharina Sommermeier.

## Mót

Júdósamband Íslands stendur fyrir fjórum mótum ár hvert þar sem keppt er í yngri og eldri flokkum. Júdódeildin hefur átt keppendur í yngri flokkum á þessum mótum. Utan jsí mótanna er haldið Norðurlandsmót ár hvert fyrir júdófélög á Norðurlandi ásamt því sem Júdódeildin stendur árlega fyrir Jólamóti og Vormóti.
Norðurlandsmótið hefur verið haldið á Blönduósi á haustin og ber Júdófélagið Pardus hitann og þungann af skipulagningu þess þó að um samvinnuverkefni allra júdófélaganna á Norðurlandi sé að ræða. Jólamót Tindastóls markar lok haustannar

og er innanfélagsmót, eingöngu ætlað iðkendum Júdódeildar Tindastóls. Vormót Tindastóls markar aftur á móti lok vorannar og er það mót opið öllum.

**Mótin sem tekið var þátt í árið 2019 voru:**

1. Afmælismót yngri flokka í Júdó 9. Febrúar 2019 sem er fyrir iðkendur frá ellefu ára til tuttugu ára. Þeir Þorgrímur Svavar Runólfsson, Steinar Óli Sigfússon og Veigar Þór Sigurðarson voru allir skráðir til leiks en vegna slæmrar færðar um morguninn þegar lagt var af stað komust þeir Þorgrímur Svavar og Veigar Þór ekki á mótið og urðu að sætta sig við að sitja heima.
   Steinar Óli fór hins vegar suður deginum á undan var eini fulltrúi Tindastóls á afmælismótinu að þessu sinni. Mótið var haldið í húsnæði Júdófélags Reykjavíkur. Steinar Óli keppti í tveimur flokkum, U18-60 þar sem hann endaði í fjórða sæti og U21-60 þar sem hann hreppti þriðja sætið. Þetta er fyrsta JSÍ mótið sem hann tók þátt í og örugglega ekki það síðasta. Hann var að keppa við sýnu keppnisreyndari andstæðinga og efldist með hverri viðureign. Alls glímdi hann sjö glímur og náði að leggja tvo andstæðinga sína í U21 flokknum sem skilaði honum, eins og áður segir, þriðja sætinu, sem er virkilega góður árangur.



*Verðlaunahafar í U21-60 á afmælismóti JSÍ. Steinar Óli Sigfússon er lengst til hægri. Mynd: Sigfús Ingi Sigfússon.*

2. Vormót Júdósambands Íslands (JSÍ) fyrir yngri flokka haldið 16.03.2019 fyrir aldurinn frá 11 ára til 20 ára, var haldið á Akureyri. Júdódeild Tindastóls átti fimm fulltrúa á mótinu og komu þeir heim með þrjú silfur og tvö brons.
   Alls kepptu 84 keppendur frá tíu júdófélögum á Vormótinu, sem var að þessu sinni haldið í KA heimilinu á Akureyri. Mótið hófst klukkan 9:30 og því lauk sex klukkutímum síðar, klukkan 15:30.
   Sex voru skráðir til leiks frá Júdódeild Tindastóls en **Steinn Gunnar Runólfsson** neyddist til að hætta við vegna veikinda og því kepptu fimm fulltrúar Júdódeildarinnar á mótinu.

**Þóranna Ásdís Fjólmundsdóttir** lenti í öðru sæti í blönduðum flokki, en hún meiddist í fyrri gímu sinni og varð að gefa hana þegar skammt var eftir þrátt fyrir að vera stigahærri og með undirtökin í gímunni. Hún lét það þó ekki stöðva sig og vann síðari viðureignina eftir að hafa tjaslað sér saman í millitíðinni.
**Haukur Rafn Sigurðsson** keppti í sterkum flokki og tapaði tveimur fyrstu viðureingum sínum. Hann barðist hins vegar mjög vel í síðustu glímunni sinni og náði að landa sigri og þar með var þriðja sætið hans.
**Arnór Freyr Fjólmundsson** mætti einbeittur til leiks og vann fyrri viðureign sína. Hann tapaði hins vegar síðari glímunni og varð því að gera sér annað sætið að góðu.
**Veigar Þór Sigurðarson** var að keppa á sínu fyrsta JSÍ móti og stóð sig virkilega vel þrátt fyrir að tapa báðum viðureignum sínum. Hann átti góða spretti í glímunum og það var augljóst að hann var þarna kominn til að njóta þess að keppa á júdómóti.
**Þorgrímur Svavar Runólfsson** keppti upp fyrir sig í aldursflokki því að keppinautur í hans flokki dró sig úr keppni. Hann átti erfitt uppdráttar gegn mun reynslumeiri og sterkari andstæðingi og tapaði fyrir honum tvívegis, en aðeins tveir voru í þessum flokki og þurfti að vinna tvær viðureignir til að sigra. Hann fékk þó að launum silfurverðlaun fyrir erfiðið.




*Keppendur Júdódeildar Tindastóls og Júdófélagsins Pardusar á Blönduósi á Vormóti JSÍ fyrir yngri flokka. Frá vinstri: Þóranna Ásdís, Þorgrímur Svavar, Guðjón Freyr, Arnór Freyr, Benedikt Þór, Veigar Þór, Steinn Gunnar og Haukur Rafn. Mynd: Einar Örn Hreinsson.*

3. Íslandsmót yngri flokka í Júdó var haldið í Laugabóli í Reykjavík 13.04. 2019. Tindastóll átti þrjá fulltrúa á mótinu af rúmlega hundrað keppendum. Íslandsmót Júdósambands Íslands er venjulega fjölmennasta mót ársins og markar lok keppnistímabilsins á Íslandi. Rúmlega hundrað keppendur mættu til leiks og keppt var í þyngdar- og aldursflokkum.
Fulltrúar Júdódeildar Tindastóls á mótinu voru að þessu sinni Haukur Rafn Sigurðsson sem keppti í U15-55, Veigar Þór Sigurðarson sem keppti í U15+90 og Þorgrímur Svavar Runólfsson sem keppti í U18+90.
**Haukur Rafn** keppti í fimm manna riðli og lenti í fjórða sæti eftir að hafa unnið eina glímu og tapað þremur, þar af tveimur sem voru hörkuspennandi og

hefðu getað lent á hvorn veginn sem var. Hann má vera sáttur með sína frammistöðu og sýndi að hann er ekkert lamb að leika sér við á keppnisgólfinu. **Veigar Þór** keppti í þriggja manna riðli og varð að láta þriðja sætið sér að góðu verða eftir að hafa tapað báðum sínum viðureignum. Það er þó gaman að sjá hversu áræðinn hann er og greinilegt að góð ástundun á æfingum í vetur hefur skilað honum verulegum framförum.
Keppni í U18 flokknum hófst klukkan 12:00 og þar freistaði **Þorgrímur Svavar** þess að klekkja á andstæðingum sínum. Hann keppti í þriggja manna riðli og mætti ákveðinn til leiks. Honum gekk þó ekki sem skyldi í fyrri viðureign sinni og varð að láta í minni pokann eftir mikla baráttu. Seinni glíman var hins vegar hans eftir að hann náði góðu fastataki á andstæðingi sínum sem átti ekki möguleika á að losa sig.



*Keppendur á Íslandsmóti JSÍ yngri flokka 2019. Frá vinstri: Veigar Þór Sigurðarson, Haukur Rafn Sigurðsson og Þorgrímur Svavar Runólfsson. Mynd: Einar Örn Hreinsson.*

4. Vormót Tindastóls í Júdó var haldið í íþróttahúsinu á Sauðárkróki 18.05. 2019. Fimmtíu keppendur, 21 stelpa og 29 strákar, mættu til leiks frá fimm júdófélögum,: KA á Akureyri, Pardus á Blönduósi, Júdódeild Ármanns og Júdófélagi Reykjavíkur í Reykjavík auk Júdódeildar Tindastóls í Skagafirði. Það er orðinn fastur liður í starfi Júdódeildar Tindastóls að halda opið júdómót í lok vorannar en þetta er fimmta árið í röð sem Vormót Tindastóls í Júdó er haldið. Vormótið markar lok annarinnar og þar fá júdóiðkendur tækifæri á því að spreyta sig í keppni við iðkendur frá öðrum júdófélögum.
Mótið hófst á sameiginlegri æfingu allra keppenda þar sem vel var hitað upp og farið í nokkra leiki. Mótið sjálft hófst svo um klukkutíma síðar, eða upp úr 11. Margar skemmtilegar glímur mátti sjá og var mjög gaman að fylgjast með keppendum og sjá hvernig þeir hafa bætt sig frá fyrri árum, en margir keppendanna hafa aldrei látið sig vanta á þetta mót.
Eftir mót fór fram verðlaunaafhending og að þessu sinni afhentu þær stöllur Sesselja Margrét Albertsdóttir og Hulda Guðmundsdóttir verðlaunin, en þær

eru fyrstu konurnar sem hófu að æfa júdó á Íslandi. Það var því mikill heiður að fá þær á mótið og njóta þeirra nærveru.
Að lokinni verðlaunaafhendingu bauð Júdódeildin öllum keppendum og áhorfendum upp á grillað lambakjöt og meðlæti til að tryggja að allir færu saddir og sáttir heim á leið.



*Keppendur á Vormóti Tindastóls í Júdó 2019 ásamt þeim Huldu Guðmundsdóttur (vinstra megin) og Sesselju Margréti Albertsdóttur (hægra megin), fyrstu konunum sem hófu að æfa júdó á Íslandi. Mynd: Katharina Sommermeier.*

5. Iðkendur Júdódeildar Tindastóls kepptu á jólamóti sem fram fór í íþróttahúsinu á Sauðárkróki þann 18. desember. Góð mæting var á jólamótið sem markar lok starfs júdódeildarinnar á árinu. Alls mættu 24 keppendur til leiks, 14 stelpur og 10 strákar. Það eru um það bil 30 krakkar sem æfa júdó í Sveitarfélaginu Skagafirði en æfingar fara fram á Sauðárkrók og Hofsós.
   Margar glímur voru jafnar og skildi oft lítið á milli sigurs og taps. Allir mega þó vera sáttir við sína frammistöðu enda stóðu iðkendur sig mjög vel og gáfu lítið eftir í sínum glímum þó stundum væri við ofurefli að etja.
   Allir fengu hengdan verðlaunapening um hálsinn eftir mótið og var keppendum og áhorfendum síðan boðið upp á pizzur sem er tilhlökkunarefni margra og runnu þær ljúft niður.



*Keppendur á jólamóti Júdódeildar 2019 ásamt lukkudýrinu Emiko Einarsdóttur (sitjandi fyrir miðju). Mynd: Katharina Sommermeier*

## Æfingabúðir

Um helgina 9 og 10 mars 2019 voru haldnar æfingabúðir í Júdó á Sauðárkróki þar sem iðkendur frá Júdódeild UMF Selfoss og Júdófélaginu Pardus sóttu Júdódeild Tindastóls heim.

Undanfarin tvö ár, 2017 og 2018, hefur Júdófélagið Pardus á Blönduósi haldið æfingabúðir með svipuðu sniði þar sem þessi þrjú júdófélög hafa komið saman og æft. Að þessu sinni var skipt um staðsetningu og júdódeild Tindastóls tók á móti hópnum.

Æfingabúðirnar samstóðu af tveimur júdóæfingum ásamt samverustundum utan æfinga. Fyrri æfingin fór fram á laugardeginum frá klukkan 15:30 til 17:30 og eftir æfinguna bauð Júdódeild Tindastóls iðkendum og fylgdarliði upp á grillað lambakjöt og meðlæti í Húsi Frítímans, en þar gistu gestirnir. Sunnudagsæfingin stóð svo yfir frá 11:30 til 13:30 og buðu Selfyssingarnir hópnum upp á pylsur með öllu eftir æfinguna áður en að heimferð kom.

Eins og fyrr segir er þetta þriðja árið í röð sem þessi júdófélög hittast á æfingabúðum á Norðurlandi og hafa þær ávalt verið vel sóttar og heppnast ákaflega vel. Það er mjög þroskandi og skemmtilegt fyrir þátttakendur að fá tækifæri á því að kynnast nýjum æfingafélögum í gegnum glímur og leiki á júdóæfingum og ekki síður með samverustundum utan æfinga.



*Þátttakendur á æfingabúðunum. Mynd: Einar Örn Hreinsson.*

## Aðrir viðburðir

12.02. 2019 kom Júdófélagið Pardus á Blönduósi í heimsókn á Sauðárkrók og æfði með iðkendum Júdódeildar Tindastóls. Æfingin var fyrir alla aldurshópa og mættu einnig iðkendur austan Vatna, sem æfa á Hofsósi. Eftir æfinguna var boðið upp á að fara á sérstaka forsýningu Lego myndarinnar í Bifröst.

Tæplega fjörutíu iðkendur mættu á æfinguna og áttust við í glímum og leikjum. Þetta eru alltaf skemmtilegar og fjörugar æfinar þar sem iðkendur fá tækifæri á því að glíma við nýja andstæðinga. Toppurinn á deginum er svo auðvitað bíóferðin, sem margir eru búnir að bíða eftir ansi lengi.



*Frá sameiginlegri æfingu með Pardus. Mynd: Katharina Sommermeier.*

Þriðja apríl 2019 var haldin foreldraæfing hjá Júdódeild Tindastóls þar sem foreldrar og iðkendur skemmtu sér við júdóiðkun.

Það er fastur liður í starfsemi Júdódeildar Tindastóls að halda foreldraæfingu einu sinni á önn, ef hægt er. Þar hafa iðkendur tækifæri á því að bjóða systkinum, foreldrum, öfum, ömmum, vinum og kunningjum með sér á æfingu.

Þetta eru með skemmtilegri æfingum því undantekningalaust virðast allir skemmta sér mjög vel og stundum mætir jafnvel öll fjölskyldan. Þessar æfingar sýna alltaf hvað júdó er góð fjölskylduíþrótt þar sem allir geta átt góða stund saman í glímum og leikjum óháð aldri og kyni þó sumir fari kannski með nokkra auka marbletti með sér heim.



*Þátttakendur á foreldraæfingu. Mynd: Steinunn Valdís Jónsdóttir.*

Aðalfundur Júdódeildar Tindastóls var haldinn 13.02. 2019 í matsal heimavistar FNV. Skýrsla formanns var lesin upp og samþykkt, reikningar lagðir fram til samþykktar og ný stjórn kosin.

Fundurinn hófst klukkan 19:30 með því að formaður setti fundinn formlega og lagði til að Sigurður Bjarni Rafnsson tæki að sér fundarstjórn, sem var einróma samþykkt. Áður en formanni var skipað að skýra frá starfi nýliðins árs var fundargestum boðið upp á ljúffenga súpu. Fundarmenn hlýddu því næst á mál formanns sem las upp annál ársins 2018. Eftir að hann hafði verið samþykktur lagði gjaldkeri fram reikninga ársins 2018 og voru þeir líka samþykktir mótþróalaust, en þá má sjá í viðauka.

Þá var komið að kosningu stjórnar en fyrirfram var ljóst að á henni yrðu nokkrar breytingar því að Magnús Hafsteinn Hinriksson og Helena Magnúsdóttir gáfu ekki lengur kost á sér í stjórn og Einar Örn Hreinsson gaf ekki áfram kost á sér til formennsku. Satt best að segja var það auðsótt mál að fá nýtt fólk inn í stjórn og þó að eftirsjá verði af þeim Magnúsi og Helenu þá kemur nýtt og gott fólk í þeirra stað.

Nýju stjórnina skipa Ingibjörg Ásta Sigurðardóttir formaður, Aðalbjörg Þorgrímsdóttir ritari, Grétar Karlsson gjaldkeri og þau María Dröfn Guðnadóttir, Annika Noack, Einar Örn Hreinsson og Jakob Smári Pálmason meðstjórnendur. Skoðunarmenn reikninga verða þær Ásta Birna Jónsdóttir og Helga Jónína Guðmundsdóttir.

Nýir stjórnarliðar eru boðnir velkomnir í öflugan hóp og þeim Helenu og Magnúsi þakkað fyrir óeigingjarnt starf síðustu fimm ár.

Eftir nokkrar umræður um komandi og liðin verkefni stjórnar Júdódeildarinnar sleit fundarstjóri fundi og gengu fundarmenn bjartsýnir út í vetrarkvöldið.

Þann 22.05.2019 komu júdóiðkendur Júdódeildar Tindastóls á Sauðárkróki, Hofsósi og Hólum saman og gerðu sér glaðan dag á lokahófi þar sem júdóiðkendur voru verðlaunaðir.

Hópurinn hittist í heimahúsi á Sauðárkróki og gerði sér glaðan dag þar sem grillaðar pylsur voru á borðstólnum fyrir iðkendur og foreldra. Trampolínið á staðnum fékk varla frí og nokkuð stór hluti gesta skemmti sér í ruðningsbolta þar sem kunnátta í júdó skemmdi ekki fyrir.

En einn af hápunktum dagsins var verðlaunaafhending framúrskarandi iðkenda yfirstandandi vetrar. Allir iðkendur fengu afhentan þakkarskjöld og svo voru veittir bikarar fyrir bestu mætinguna, mestu framfarirnar, efnilegustu júdókonu og júdómann og loks fyrir besta júdómanninn.

**Jóhanna María Grétarsdóttir Noack** fékk bikar fyrir bestu mætinguna enda hefur hún verið einstaklega dugleg að mæta á æfingar í bæði yngri og eldri hóp. **Veigar Þór Sigurðarson** fékk bikar fyrir mestu framfarirnar en hann hefur sýnt miklar framfarir í vetur og staðið sig vel á þeim mótum sem hann hefur tekið þátt í. **Haukur Rafn Sigurðsson** og **Þóranna Ásdís Fjólmundsdóttir** voru valin efnilegust en þau eru bæði mjög hæfileikarík og geta náð langt í íþróttinni með áframhaldandi ástundun. Besti júdómaðurinn var svo valinn **Arnór Freyr Fjólmundsson** en hann hefur sýnt það og sannað á þeim mótum sem hann hefur tekið þátt í vetur að hann er á meðal þeirra bestu í sínum flokki og er vel að þessum titli kominn.

Stjórn Júdódeildar Tindastóls þakkaði öllum iðkendum og foreldrum fyrir skemmtilegan og viðburðarríkan júdóvetur.




*Frá vinstri: Jóhanna María Grétarsdóttir Noack með bestu mætinguna, Veigar Þór Sigurðarson sýndi mestu framfarirnar, Haukur Rafn Sigurðsson efnilegasti júdómaðurinn og Þóranna Ásdís Fjólmundsdóttir efnilegasta júdókonan. Á myndina vantar Arnór Frey Fjólmundsson sem valinn var besti júdómaðurinn. Mynd: Katharina Sommermeier.*

Að lokum vill Júdódeildin koma þakk- læti á framfæri til allra þeirra sem hafa starfað fyrir deildina á síðustu árum. Bestu þakkir til allra þjálfaranna sem vinna gott og mikilvægt starf og iðkenda, foreldra og velunnara deildarinnar sem eru boðnir og búnir að aðstoða þegar á reynir. Það væri einfaldlega ekki hægt að starfrækja þessa deild án allra þessara fúsu handa.

# Ársreikningur fyrir árið 2019 - Júdódeild Tindastóls

## Rekstrarreikningur
### 01.01.2019-31.12.2019

| Tekjur: | 2019 | 2018 |
|---|---|---|
| Félagsgjöld | 371.873 kr | 495.262 kr |
| Júdóbúningasala | 22.500 kr | 31.500 kr |
| Júdóbúningaleiga | 58.630 kr | 140.000 kr |
| Peysu og töskusala | 0 kr | 133.500 kr |
| Aðrir styrkir | 45.212 kr | 294.624 kr |
| Ferðastyrkur JSÍ | 0 kr | 33.624 kr |
| Tekjur af mótum | 67.000 kr | 87.500 kr |
| Vaxtatekjur | 1.672 kr | 982 kr |
| Ýmsar tekjur | 194.500 kr | 133.326 kr |
| **Samtals tekjur:** | **761.387 kr** | **1.350.318 kr** |

| Gjöld: | 2019 | 2018 |
|---|---|---|
| Júdóbúningar fyrir iðkendur | 5.361 kr | 0 kr |
| Peysur og töskur | 0 kr | 124.354 kr |
| Auglýsingar | 31.697 kr | 72.537 kr |
| Tollur af júdóbúningum | 38.291 kr | 24.630 kr |
| Tollur af bardagabúnaði | 0 kr | 0 kr |
| Mótsgjöld | 171.404 kr | 177.535 kr |
| Æfingabúðir í Varmahlíð | 0 kr | 0 kr |
| Styrkir o.þ.h. til iðkenda og þjálfara | 0 kr | 108.400 kr |
| Gjöld til JSÍ, t.d. gráðugjöld o.s.fr. | 5.000 kr | 15.000 kr |
| Vanskilagjald | 0 kr | 0 kr |
| Þjónustugjöld | 744 kr | 47 kr |
| Fjármagnstekjuskattur | 363 kr | 216 kr |
| Afskriftir | 100.386 kr | 115.559 kr |
| Annar kostnaður | 178.718 kr | 118.956 kr |
| **Samtals gjöld:** | **531.964 kr** | **757.234 kr** |
| **Samtals rekstrarniðurstaða** | **229.423 kr** | |

## Efnahagsreikningur 31. desember 2019

| Eignir: | 2019 | 2018 |
|---|---|---|
| 0310-26-001478 | 2.064.911 kr | 1.927.148 kr |
| Júdódýnur | 615.380 kr | 683.756 kr |
| Júdóbúningar | 336.461 kr | 229.303 kr |
| Bardagabúnaður | 81.723 kr | 90.803 kr |
| Aðrar eignir | 0 kr | 0 kr |
| Kröfur | 111.750 kr | 80.750 kr |
| **Samtals eignir:** | **3.210.225 kr** | **3.011.760 kr** |

| Skuldir og eigið fé: | 2019 | 2018 |
|---|---|---|
| Skammtímaskuldir | 10.844 kr | 41.802 kr |
| Eigið fé frá fyrra ári | 2.969.958 kr | 2.376.874 kr |
| Rekstrarniðurstaða ársins | 229.423 kr | 593.084 kr |
| **Samtals skuldir og eigið fé:** | **3.210.225 kr** | **3.011.760 kr** |

***Staðfesting kjörinna skoðunarmanna***

# Knattspyrnudeild Tindastóls

<u>Ársskýrsla 2019</u>



INNGANGUR ..... 3
ÞJÁLFARAR KNATTSPYRNUDEILDAR 2019-2020 ..... 4
MARKMIÐ OG STEFNA KNATTSPYRNUDEILDAR ..... 4
BARNA- OG UNGLINGARÁÐ ..... 6
MEISTARAFLOKKUR KARLA ..... 7
MEISTARAFLOKKUR KVENNA ..... 8
SUMARMÓT TINDASTÓLS ..... 9
VIÐURKENNINGAR SUMARSINS ..... 10

Rit þetta er ársskýrsla knattspyrnudeildar Tindastóls árið 2019. Leyfilegt er að nota efni úr skýrslunni sé heimilda getið. Nánari upplýsingar um knattspyrnudeild Tindastóls - www.tindastoll.is

## Inngangur

Þá er enn einu knattspyrnusumrinu lokið. Meðan stelpurnar voru hársbreidd frá því að fara upp í Pepsi-deildina þá féllu strákarnir niður í þá þriðju. Barna og unglingaráð var formlega stofnað og er



það verkefni á réttri leið og stefnt er að ráðið verði fjárhagslega sjálfstætt í byrjun árs 2020.

Eftir erfitt rekstrarár 2018 þá voru skuldir deildarinnar niðurgreiddar í vor. Voru margir sem komu að því verkefni og verður þeim seint full þakkað sem lögðu hönd á plóg, en í þessu ferli sannaðist máltakið „margt smátt gerir eitt stórt"

Þó að þessum áfanga hafi verið náð þýðir það engan veginn að þeir sem standa að deildinni geti leyft sér að slaka á. Rekstur íþróttafélaga er og verður alltaf erfiður og má reikna með að enn harðni á dalnum í vetur.

Ýmislegt hefur gengið á utan vallar og hafa þau málefni tekið mikið á okkur sem reynum að stýra skútunni og ekki farið framhjá neinum sem að starfinu koma.

Þegar illt umtal um félagið eða starfsemi þess á sér stað í samfélaginu er mikilvægt fyrir iðkendur að taka ekki þátt í þeim umræðum né láta þær hafa áhrif á sig, en það var með ólíkindum að standa í hringiðu þess sem gekk á í sumar og að horfa uppá fullorðið fólk í samfélaginu markvisst vinna félaginu og deildinni skaða. Því má hins vegar ekki gleyma að eftir tvö erilsöm og erfið ár í rekstri knattspyrnudeildar Tindastóls þá eru bjartir tímar framundarn. Gengið hefur verið frá ráðningu yfirþjálfara yngri flokka sem mun, ásamt flottu og metnaðarfullu teymi þjálfara, skila sér í betri og markvissari þjálfun krakkanna okkar. Stofnun barna- og unglingaráðs mun svo styðja enn betur við uppbyggingu yngri flokka starfs deildarinnar. Samhliða öflugu yngri flokka starfi er mikilvægt að staðið sé af myndarskap að baki meistaraflokkum karla og kvenna, innan sem utan vallar.

Áfram Tindastóll
Þórhallur Rúnar Rúnarsson,
formaður knattspyrnudeildar Tindastóls

## Þakkir.

Stjórn knattspyrnudeildar Tindastóls þakkar öllum þeim sem komið hafa að starfi deildarinnar á þessu ári. Iðkendum, þjálfurum, foreldrum, samstarfsaðilum og öllum þeim velunnurum félagsins sem lagt hafa okkur lið.

## Stjórn knattspyrnudeildar:

| | |
|---|---|
| Formaður | Þórhallur Rúnar Rúnarsson |
| Varaformaður | Indriði Þór Einarsson |
| Gjaldkeri | Helga Dóra Lúðvíksdóttir |
| Meðstjórnandi | Ásta Pálmadóttir |
| Meðstjórnandi | Guðmundur Loftsson |

## Framkvæmdastjóri

Sem stendur er enginn starfandi framkvæmdarstjóri eftir að Jón Stefán lét af störum í haust og hefur stjórn knattspyrnudeildarinnar skipt með sér verkum framkvæmdarstjóra. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvort ráðið verði í stöðuna.

## Þjálfarar félagsins 2019

**Meistaraflokkur karla:** Jamie McDonough
**Meistaraflokkur kvenna:** Guðni Þór Einarsson
**Yfirþjálfari yngri flokka:** Jamie McDonough
**Yngri flokkar:** Bryndís Rut Haraldsdóttir, Guðni Þór Einarsson, Dúfa Dröfn Ásbjörnsdóttir, Krista Sól Nielsen, Jóhann Daði Gíslason, Anna Margrét Hörpudóttir

**Yfirmaður og þjálfari knattspyrnuakademíu FNV og Tindastóls**: Guðni Þór Einarsson

**Barna og unglingaráð**: Einarína Einarsdóttir, Sigþrúður Jóna Harðardóttir, Guðmundur Helgi Gíslason og Íris Ósk Elefsen.

## MARKMIÐ OG STEFNA KNATTSPYRNUDEILDAR

***Knattspyrnuleg markmið:***

- Að bjóða uppá faglegt og heilbrigt starf sem er deildinni, þjálfurum, iðkendum og foreldrum til sóma.
- Að gera iðkendur sína að betri knattspyrnumönnum.
- Að gera iðkendur sína að betri félagsmönnum.
- Að leitast við að ráða til starfa þjálfara með viðeigandi þjálfarastig KSÍ.
- Að taka þátt í Íslandsmóti, Bikarkeppni og vetrar- og sumarmótum í þeim flokkum sem hafa þátttökurétt.

### *Íþróttaleg markmið:*

- Í íþróttum læra börn að fylgja reglum og tileinka sér hollar lífsvenjur og sjálfsaga. Mikilvægt er að hver og einn fái með íþróttaiðkun sinni tækifæri til þess að upplifa sjálfan sig á jákvæðan hátt og öðlast sjálfstraust og sjálfsvirðingu. Jafnframt er mikið lagt upp úr því að læra einbeitingu, þolinmæði, umburðarlyndi, tillitssemi, sýna traust og kærleik og vera einn af hópnum.
- Íþróttir hafa uppeldislegt, menningarlegt og heilsufarslegt gildi fyrir þá sem þær stunda. Við uppbyggingu íþróttastarfs, hvort sem um æfingar eða keppni er að ræða, skal miða að því að allir hafi jafngild tækifæri og séu metnir að verðleikum óháð uppruna, þjóðfélagsstöðu, litarhætti eða kyni.

### *Félagsleg markmið:*

- Að bjóða bæjarbúum uppá jákvætt og hvetjandi íþróttarumhverfi, þar sem iðkendur, foreldrar og forráðamenn geti fengið upplýsingar um starfsemi deildarinnar á sem bestan hátt.
- Að stuðla að aukningu innan deildarinnar og kynningu hennar meðal bæjarbúa.
- Markmið deildarinnar er að halda iðkanda sem lengst og að iðkandi sé ánægður og stoltur innan vallar sem utan.
- Að skilgreina starf og markmið deildarinnar og starfsmanna hennar í handbók svo verksvið og verkefni hvers og eins séu skýr.
- Að rækta starf sitt í góðu samstarfi við aðalstjórn, bæjaryfirvöld, skóla, félagsmiðstöð, kirkju, foreldra og aðra aðila sem koma nálægt tómstunda- og íþróttaiðkun í Skagafirði.

### *Fjármálaleg markmið:*

- Byggja starf sitt ávallt á fjárhagslega traustum grunni svo knattspyrnustarfið sé tryggt til framtíðar.
- Að félagið standi fjárhagslega undir starfsemi sinni á hverju rekstrarári.
- Að fjármálastjórnun félagsins sé ætíð í samræmi við lög og reglur ÍSÍ.
- Að félagið reyni eftir fremsta megni að aðstoða iðkendur við skipulagningu fjáraflana til að fjármagna þátttökuna í starfinu.

## Barna- og unglingráð

Barna- og unglingaráð Tindastóls var formlega hleypt af stokkunum sumarið 2019 þótt það hafi starfað síðan um veturinn 2018.

Í stjórn sitja: Einarína Einarsdóttir, Sigþrúður Jóna Harðardóttir, Guðmundur Helgi Gíslason og íris Ósk Elefsen.

Jamie McDonough var ráðinn yfirþjálfari yngri flokka og mun hann stýra allri uppbyggingu og þjálfun. Vænta stjórn og Barna og Unglingaráð mikils af honum og hlakka til samstarfsins, sem hefur farið virkilega vel af stað.
Jamie hefur UEFA A þjálfaragráðu og hefur starfað hjá enska knattspyrnusambandinu bæði við kennslu og þjálfun.



## Meistaraflokkur karla

Meistaraflokki karl var líkt og árið áður spáð neðsta sæti í spám fyrirliðum og þjálfara í 2.deild karla.
Því miður rættist sú spá og féllu strákarnir.
Komust Kattspyrnudeild og Yngvi Borgþórsson, sem þjálfað hafði liðið, að samkomulegi um starfslok Yngva og tóku Jamie McDonough og Arnar Skúli Atlason við keflinu.
Vitað var að á brattan yrði að sækja og verður seint sagt að strákarnir hafi ekki gefið allt í verkefnið.
Við tekur hörkubarátta í 3.deild og er stefnan sett á stutta viðveru þar.



Mynd: Óli Arnar

## Meistaraflokkur kvenna

